



150

ára

kaupstaðarafsmæli



ÁRSSKÝRSLA AKUREYRARBÆJAR 2012



Akureyrarbær

Geislagötu 9

600 Akureyri

Sími 460 1000

Fax 460 1001

www.akureyri.is | www.visitakureyri.is

Allar upplýsingar um símanúmer einstakra stofnana og netföng starfsmanna er að finna á heimasíðu bæjarins.

Útgefandi: Akureyrarbær 2013

Umsjón: Ragnar Hólm Ragnarsson

Yfirlstur og prófarkir: Gunnar Frímansson og Ragnar Hólm

Ljósmyndir: Auðunn Nielsson og Ragnar Hólm

Forsíðumyndir: Auðunn Nielsson

Hönnun og umbrot: Stíll

Prentun og bókband: Ásprent



Á árinu 2012 var 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar fagnað með ýmsu móti. Hátíðarhöldin stóðu yfir allt árið en náðu hámarki í kringum afmælið sjálft 29. ágúst. Það er við hæfi að ársskýrslu afmælisársins prýði ljósmyndir frá hátíðarhöldunum.



Frá „síðustu kvöldmáltíð“ Sjónlistamiðstöðvarinnar.

EFNISYFIRLIT

Ávarp bæjarstjóra	4
Bæjarstjórn og bæjarráð	5
Stjórnkerfi Akureyrarbæjar	5
Akureyrarstofa	5
Búsetudeild	7
Fasteignir Akureyrarbæjar	8
Fjármála- og hagþjónusta	9
Fjölskyldudeild	10
Framkvæmdadeild	10
Heilsugæslustöðin	12
Samfélags- og mannréttindadeild	13
Skipulagsdeild	14
Skóladeild	15
Starfsmannþjónusta	18
Öldrunarheimili	20
Fulltrúar Akureyrarbæjar í nefndum og stjórnnum	22
Fastanefndir	22
Starfsnefndir	22
Fulltrúar Akureyrarbæjar í samstarfsnefndum/verkefnum	23





Dagskrá á Ráðhústorgi tileinkuð leik- og grunnskólabörnum á Akureyri.



4

www.visitakureyri.is



Bæjarbúar

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands voru íbúar Akureyrar 1. desember 2012 17.956 og hafði fjölgað um 87 eða um 0.49% frá fyrra ári. Karlar voru 8.874 og konur 9.082.

Frá 2. desember 2011 til 1. desember 2012 fæddust 285 börn en 130 bæjarbúar létust. Samkvæmt hreyfingaskrá voru brottfluttir frá 2. desember 2011 til 1. desember 2012 1.147 en aðfluttir til bæjarins 1.077 þ.e. brottfluttir umfram aðflutta voru 70.

Flutningar innan bæjarins voru 2.237 á árinu 2012.

Elsti íbúi bæjarins var Hólmfríður Stefánsdóttir, 101 árs, fædd 29. nóvember 1911.

Ávarp bæjarstjóra



Ágætu Akureyringar!

Þegar ég lít til baka til ársins 2012 fyllist ég fyrst og fremst þakklæti. Allt árið einkenndist af hátíðarhöldum vegna 150 ára afmælis Akureyrarkaupstaðar og ég er þakklátur öllu því góða fólki sem þar lagði gjörva hönd á plóg. Nemendur í öllum skólum bæjarins létu hendur standa fram úr ermum til að gera árið eftirminnilegt, það gerðu einnig listamenn, eldri borgarar, starfsmenn bæjarins og í rauninni hver einasti bæjarbúi. Það ber að þakka.


Þetta góða afmælisár var til marks um þann mikla samhug og það góða starf sem við Akureyringar getum unnið bænum okkar og okkur sjálfum til gæfu og heilla. Með samtakamættinum tekst okkur að sigrast á hverri þraut.

Rekstur bæjarins hefur verið betri en margur þorði að vona eftir hrun íslenska efnahagskerfisins. Með aðhaldi og útsjónarsemi hefur okkur tekist að halda sjó og getum horft björtum augum til framtíðar.


Ársskýrsla Akureyrarbæjar 2012 endurspeglar kraftmikil hátíðarhöld vegna afmælis bæjarins en er einnig til vitnis um það góða starf sem unnið er á öllum sviðum bæjarkerfisins.

Enn og aftur vil ég þakka þá miklu velvild sem ég hef hvarvetna mætt í störfum mínum sem bæjarstjóri á Akureyri og vona að árið 2013 verði okkur einnig hagfellt og gott.

Eiríkur Björn Björgvinsson,
bæjarstjóri á Akureyri



Stjórnkerfi Akureyrarbæjar



Bæjarstjórn og bæjarráð

Á árinu voru haldnir 18 fundir í bæjarstjórn og 44 fundir í bæjarráði. Á fundi bæjarstjórnar þann 5. júní 2012 var Geir Kristinn Aðalsteinsson kjörinn forseti bæjarstjórnar til eins árs, Oddur Helgi Halldórsson 1. varaforseti og Andrea Sigrún Hjálmsdóttir 2. varaforseti.

Halla Björk Reynisdóttir var kjörin formaður bæjarráðs og ásamt henni voru kosin í bæjarráð Oddur Helgi Halldórsson varaformaður, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Andrea Sigrún Hjálmsdóttir og Guðmundur Baldvin Guðmundsson. Hermann Jón Tómasson, Ólafur Jónsson og Sigurður Guðmundsson voru kjörin áheyrnarfulltrúar í bæjarráði til eins árs.

Viðtalstímar bæjarfulltrúa, hverfisnefndir og -ráð

Yfir vetrartímann eru auglýstir viðtalstímar bæjarfulltrúa. Þeir eru að jafnaði tvisvar í mánuði og voru þeir alls 13 á árinu 2012. Viðtalstímarnir eru annarsvegar í Ráðhúsinu og hinsvegar einu sinni á vetri í hverjum grunnskóla á Akureyri. Í viðtalstímunum eru tveir bæjarfulltrúar til viðtals og taka þeir við erindum, fyrirspurnum og ábendingum íbúa bæjarins. Erindin eru færð til bókar og eru fundargerðir viðtalstímanna lagðar fram í bæjarráði þar sem erindunum er vísað áfram í bæjarkerfinu.

Hverfisnefndir voru starfandi í fjórum hverfum bæjarins á árinu en þrjár voru ekki virkar þetta árið þar sem enginn gaf kost á sér til starfa í þeim. Hverfisnefndir geta beitt sér fyrir ýmsum umbótum í hverfunum, annaðhvort með aðgerðum íbúanna sjálfra eða með því að þrýsta á bæjaryfirvöld. Á árinu voru einnig starfandi hverfisráð í Hrísey og Grímsey.

Akureyrarstofa

Akureyrarstofa fer með menningar-, markaðs-, ferða- og atvinnumál f.h. Akureyrarbæjar. Árið 2012 var fimmta heila starfsárið og einkenndist starfið eins og áður mikið af þátttöku í skipulagi viðburða af margvíslegum toga flesta mánuði ársins. Skipulagning og vinna fyrir afmælisnefnd Akureyrarbæjar var áberandi og eins og áður mjög aukin þátttaka í þróun ferðabjónustu í bænum.

Ferða- og markaðsmál

Ferðabjónustugeirinn á Akureyri heldur áfram að vaxa og nýfjárfesting er áberandi. Þannig opnaði nýtt gistiheimili í Hafnarstræti 98 og tekin voru í notkun ný orlofshús í Hlíðarfjalli. Má hafa þessa trú fjárfesta til marks um að vel hafi tekist til í þróun Akureyrar sem áfangastaðar. Markaðssetning Akureyrar utanlands á vegum stórra ferðabjónustuaðila eins og Icelandair hefur aukist og með stóruaukinni vörubróun fyrirtækja á heimaslóð hefur tekist að laða mun fleiri erlenda gesti til bæjarins yfir vetrartímann en áður. Á tímabilinu janúar til maí fjölgaði gistinóttum á Norðurlandi að jafnaði um 25% frá fyrra ári og má rekja langstærsta hluta þessarar aukningar til Akureyrar.

Akureyrarstofa var þátttakandi í fjölmörgum verkefnum og stýrði sem áður markaðsverkefninu Komdu norður og lagði flugklasanum AIR66 til 9 m.kr. til starfsemi sinnar. Klasinn stefnir að bættri markaðssetningu Akureyrarflugvallar og beinu millilandaflugi. Akureyrarstofa stýrði samstarfi um eflingu Akureyrar sem

ráðstefnubæjar og súpufundum ferðabjónustunnar sem eru virkur fræðslu- og samstarfsvettvangur greinarinnar á Akureyri.

Akureyrarstofa hefur smám saman aukið samstarf sitt við ferðabjónustuaðila í Grímsey og Hrísey og á árinu fékk hún styrk til að undirbúa samkeppni um nýtt tákn fyrir Norðurheimskaupsbauginn. Akureyrarstofa tók þátt í Vest Norden ferðakaupstefnunni og átti ríflega 40 fundi með erlendum aðilum og voru eyjarnar tvær áberandi í því kynningarstarfi sem fram fór.

Akureyrarstofa stýrir enn fremur viðamikilli útgáfustarfsemi og heldur úti vefjunum Akureyri.is og Visitakureyri.is ásamt mörgum undirsíðum.

Atvinnumál

Nýr verkefnisstjóri atvinnumála hóf störf í september 2012 en sérsvið hans er frumkvöðla- og nýsköpunarstarf.

Á árinu var hafist handa við formlega stefnmótun í atvinnumálum Akureyrar eftir umfangsmikinn undirbúning. Undir lok árs var ráðgjafafyrirtækið Netspor valið til að leiða verkefnið og eru áætluð lok verkefnisins í maí 2013. Markmiðið er að til verði stefna sem sátt ríkir um til lengri tíma og að ábyrgð á atvinnuþróun og umbótaverkefnum í rekstrarumhverfi verði sameiginlega á herðum þeirra sem hagsmuna hafa að gæta hvort sem þeir tilheyra einka- eða opinberum geira.

Akureyrarstofa var einn skipuleggjenda og aðalstuðningsaðila Atvinnu- og nýsköpunarhelgarinnar sem var í febrúar í annað sinn á Akureyri. Hún þótti takast afar vel og voru um 90 þátttakendur skráðir til leiks. Veittar voru viðurkenningar fyrir viðskiptahugmyndir og hlaut „Whale buddy“ fyrstu verðlaun, „Life line“ önnur og „Tannstrá“ þau þriðju.

Unnið var að því að stækka og útvíkka tengslanet Akureyrarstofu í málaflokknum í þeim tilgangi að hagsmunaaðilar atvinnulífsins geti nýtt það til að koma málum sínum í frekari farveg með samstarfi og samvinnu við fyrirtæki eða stöðkerfi á svæðinu.

Sérstök átaksverkefni voru áfram í gangi á vegum Akureyrarstofu með það fyrir augum að þátttöku í þeim lyki frá og með áramótum 2012/13 og að megináhersla yrði á aðstoð við þá sem hvað lengst hafa verið án vinnu og eru að missa bótarétt. Atvinnuleysi dróst verulega saman en að jafnaði voru 417 einstaklingar án atvinnu í samanburði við 526 árið 2011. Lægst fór atvinnuleysi í 3,3% í september og hæst í 5,8% í janúar og febrúar. Kostnaður við átaksverkefnið var 14,3 m.kr. í samanburði við 15,2 m.kr. árið á undan.

Á sumardaginn fyrsta voru veitt athafna- og nýsköpunarverðlaun Akureyrar þriðja sinni. Kristjánsbakarí, sem fagnaði aldarafmæli sínu á árinu, hlaut afhafnaverðlaun og ferðabjónustufyrirtækið Saga Travel hlaut nýsköpunarverðlaun.

Menningarmál

Sumardaginn fyrsta var venju samkvæmt tilkynnt í Ketilhúsinu um viðurkenningar stjórnar Akureyrarstofu. Það var niðurstaða stjórnar að veita Guðbjörgu Ringsted myndlistakonu starfslaun listamanna til 6 mánaða. Byggingarlistaverðlaunin voru veitt Glámu/Kim Arkitektum fyrir hönnun 4. áfanga viðbyggingar Háskólans á Akureyri og þrjú hús hlutu viðurkenningu Húsverndarsjóðs fyrir

varðveislu og endurgerð gamla húsa; Hafnarstræti 94 eða Hamborg, Hafnarstræti 86a eða Ragúelshús og Lækjargata 6. Tvær heiðursviðurkenningar voru veittar úr Menningarsjóði fyrir mikilvægt framlag til menningarmála í bænum og hlutu þær Dýrleif Bjarnadóttir og Haukur Ágústsson.

Þau tíðindi urðu í starfsemi **Amtsbókasafnsins** árið 2012 að merkjanlegur samdráttur varð í útlánum safngagna. Nam samdrátturinn 15.264 eintökum eða 7%. Er það í fyrsta skipti



Söguganga um Lystigarðinn undir leiðsögn Ástu Camillu Gylfadóttur.

siðan á síðasta áratug síðustu aldar sem útlán dragast saman svo nokkru nemi. Sama átti við um heimsóknir á safnið. Gestum fækkaði um 4.234 eða 4%. Í nágrennalöndum hefur orðið svipuð þróun í útlánun undanfarin ár, þeim hefur fækkað en á móti hefur gestafjöldi aukist. Að mati stjórnenda er ástæða til að fylgjast með þessari þróun.

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar voru nokkrar sýningar á safninu og enn fremur stóð safnið fyrir mjög vel heppnaðri ljóðagöngu í lok ágúst. Á afmælishátíðinni var safnið síðan með viðburð í Hafnarstræti sem bar yfirskriftina „Fyrsta hjálp í akureyrskum bókmenntum“ þar sem lesið var úr verkum Akureyrarskálda.

Á **Héraðsskjalasafnið** komu 602 gestir þetta árið og er það örlitil fækkun frá fyrra ári eða um 5.6%. Karlar voru 463 en konur 139. Samhlíða þessari fækkun var einnig fækkun á lánun á lestrarsal, alls voru lánuð 2.017 númer en 2.173 árið áður. Skjalafhendingar til safnsins voru 89 og er það sama tala og árið 2010 en 2011 var metár með 104 afhendingum.

150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar var minnst með ýmsum hætti, m.a. með vikulegum pistlum tengdum afmælinu, sögu bæjarins og skjölum þar að lútandi á vef safnsins. Síðari hluta maí var sett upp sýning frá hátíðarhöldum bæjarins á 100 ára afmælinu árið 1962. Hápunkturinn var þó afmælissýningin „Fólkið í kaupstaðnum“ en þar voru íbúum Akureyrar árið 1862 gerð skil í ættfræði, myndum og skjölum. Sýningin var opnuð 24. ágúst og stóð út september. Á alþjóðlegum baráttudegi kvenna 8. mars var sett upp sýning á skjölum Kvennaframbóðsins á Akureyri í tengslum við ráðstefnu sem helguð var 30 ára afmæli frambóðsins. Í tilefni af 100 ára afmæli Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands tók safnið þátt í formlegu samstarfi um skráningu og söfnun á íþróttatengdum skjölum. Átakið hófst 18. apríl og stóð út árið. Söfnunin gekk nokkuð vel og nú eiga um 50 íþróttafélög skjöl sín varðveitt á safninu.

Ráðstefna Félags héraðsskjalavarda á Íslandi var haldin

hér í september. Þar voru tekin fyrir mál eins og skjalavarsla grunnskólanna, skráning og skönnun ljósmynda, átaksverkefni um söfnun skjala, rannsóknir á héraðsskjalasöfnum, málalýklar sveitarfélaga, lög um opinber skjalasöfn og innri starfsemi safnanna. Ráðstefnuna sóttu fulltrúar frá 17 héraðsskjalasöfnum.

Sjónlistamiðstöðin á Akureyri, sem í upphafi árs varð til við samruna Listasafnsins á Akureyri og Menningarmiðstöðvarinnar í Listagili, stóð fyrir 23 sýningum á árinu; sex í Listasafninu, átta í Ketilhúsinu, sex í Deigilunni ásamt fjórum afar viðamiklum verkefnum utandyra. Fjöldi gesta á sýningum í Listasafninu var alls 6.310 og var fjölsóttasta sýningin þar Glóbal-Lókal sem stóð frá 14. júlí til 9. september. Samtals komu 43 hópar í safnfræðslu hjá Sjónlistamiðstöðinni eða alls 729 manns. Gríðarlegur fjöldi fólks sá útsýningarnar Dýfurnar í Sundlaug Akureyrar, þar sem árlegur fjöldi gesta er yfir 100 þúsund, Textilbombuna í Listagilinu og Allt+ sem yfir 70 norðlenskir myndlistarmenn tóku þátt í og finna mátti á við og dreif um bæinn. Auk sýningarhaldsins stóð Sjónlistamiðstöðin fyrir fjölda annarra viðburða á árinu, bæði sjálfstætt og í samvinnu við aðra, í Listagilinu og í sýningaröslum sínum, s.s. tónleikum, leiksýningum, gjörningum, útimarkaði, fjölmenningsamkomu og fleiru.

Minjasafnið á Akureyri fagnaði 50 ára afmæli sínu og tók virkan þátt í afmælishaldi Akureyrarkaupstaðar. Byrjað var á sýningu á ljósmyndum Bárðar Sigurðssonar og í kjölfarið voru settar upp sýningar „Ekki snerta jörð – leikir 10 ára barna“ og Ljósmyndir Þorsteins Jósefssonar. Hámarki náði afmælið helgina 2. og 3. júní þegar blásið var til veislu. Gefinn var út bæklingur sem kallaðist á við afmælissit bæjarins frá 1962 en andi þess árs var allsráðandi á safninu og í Minjasafnsgarðinum. Boðið var til dansleiks í garðinum og veitingar eins og Valash, Conga, Bragakaffi og kökur frá Kristjánsbakarí og starfsfólk klæddist fötum í stíl ársins 1962 auk þess sem bílar þess tíma voru á staðnum. Afmælissýning safnsins var „Manstu...“

Akureyri í myndum“, sem sýndi bæjarlífið síðustu 150 ár, og sýnd var kvikmyndin „Akureyri 1907-1970“ sem Kvikmyndasafn Íslands lánaði. Slegið var aðsóknarmet þessa helgi.

Í samstarfi við afmælisnefnd bæjarins var skipulagður Danskur sunnudagur þar sem íbúar Innbæjarins héldu kaffiböð í dönskum stíl og breyttu Aðalstrætinu í breiðgötu. Fimmtudagar festu sig í sessi sem afmælisgöngudagar af fjölbreyttum toga. Á afmælisárinu var komið upp upplýsingaskiltum í Innbænum í samstarfi safnsins, Akureyrarstofu, afmælisnefndar og Norðurorku.

Að venju stóð safnið fyrir föstum viðburðum á sumardaginn fyrsta og Draugaslóð á Akureyrarvöku. Haldið var áfram framtíðaruppbyggingu starfsemi skáldahúsanna á Sigurhæðum, í Davíðshúsi og Nonnahúsi. Heildargestafjöldi Minjasafnsins á Akureyri og deilda safnsins var 34.671, þar af heimsóttu Minjasafnið 14.666 manns, Gamla bæinn í Laufási 14.046 og Nonnahús 4.895. Í skáldahúsin Sigurhæðir og Davíðshús komu 1.064 manns. Á haustmánuðum var þjónustutími safnsins lengdur til að taka þátt í uppbyggingu ferðamála.

Sinfóníuhljómsveit Norðurlands hélt og tók þátt í 6 tónleikadagskrám á 7 tónleikum á árinu 2012. Reynslan af tónleikahaldi í Hofi er góð og hafa aðstæður sveitarinnar gjörbreyst til hins betra. Sýna þurfti aðhald í rekstri sveitarinnar og því fækkaði tónleikum milli ára sem birtist einnig í fjölda tónleikagesta sem fóru 3.802 í 2.379. Vinsælustu tónleikarnir voru svonefndir Evróvisjón-tónleikar sem haldnir voru í maí en 942 sóttu þá.

Leikfélag Akureyrar stóð fyrir, ýmist eitt og sér eða í samstarfi við aðra, 15 sýningum á starfsárinu 2011-2012. Aðalverkefni starfsársins var fjölskylduleikritið „Gullejari“ sem sýnt var vorið 2012 í Samkomuhúsinu en 9.433 gestir sáu þá sýningu. Samtals voru leikhúsgestir þetta leikár 23.693. Leikárið fór af stað með sérstakri lánveitingu frá Akureyrarbæ og gekk það nokkuð vel þrátt fyrir erfiða stöðu félagsins.

Starfsemi **Menningarhússins Hofa** gekk afar vel á árinu sem var annað heila árið í rekstri þess en Menningarfélagið Hof annast daglegan rekstur. Húsið óx sem miðpunkt menningarlífs og



ráðstefnuhalds á Norðurlandi og hefur framboð menningarviðburða aukist mikið með tilkomu þess. Vel á þriðja hundrað þúsund gesta heimsótti Hof á öðru starfsárinu. Á dagskránni voru fjölbreyttir tónleikar, leiksýningar, myndlistarsýningar, ráðstefnur og fundir með innlendum og erlendum gestum, fjölskyldumorgnar, skóðunarferðir og ýmsir opnir viðburðir fyrir gesti og gangandi.

Búsetudeild

Búsetudeild veitir margvíslega þjónustu sem ætlað er að styðja við sjálfstæða búsetu fólks og/eða skapa því aðstæður til að lifa sem eðlilegustu lífi á heimili sínu þrátt fyrir skerðingu á færni og breytingu á högum sem kunna að verða samfara hækkanði aldri, fötlun eða veikindum. Helstu þættir í þjónustu deildarinnar eru félagsleg heimaþjónusta, félagsleg liðveisla, frekari liðveisla, búsetuþjónusta við fatlað fólk, skammtíma- og skólavistun fatlaðs fólks, dagþjónusta og félagsstarf eldri borgara, ráðgjöf iðjuþjálfra og heilsuefandi heimsóknir til aldraðra. Stærstu notendahóparnir eru eldri borgarar og fatlað fólk. Auk þess að þjónusta íbúa Akureyrar sinnir deildin þjónustu við íbúa nokkurra annarra sveitarfélaga samkvæmt samningum þar að lútandi.

Félagsleg heimaþjónusta eykst jafnt og þétt í takt við þá stefnu að sem flestir geti búið á eigin heimili í stað þess að vistast á stofnun vegna sjúkdóma eða fötlunar. Í kjölfar aðhaldsáðgerða í heilbrigðiskerfinu hefur þörf fyrir heimaþjónustu aukist. Sem dæmi má nefna að fólk útskrifast fyrr af sjúkrahöfnum en áður. Þjónustan er margvísleg, frá því að vera minniháttar aðstoð við heimilishald upp í það að vera mjög umfangsmikil þjónusta þar sem fólk er aðstoðað með allar athafnir daglegs lífs og til þátttöku í samfélaginu. Fjöldi heimila sem fengu þjónustu á árinu 2012 var 584. Heimaþjónusta er veitt allan sólarhringinn alla daga ársins en næturvaktin er samstarfsverkefni heimaþjónustu og heimahjúkrunar.

Búseta á sambýlum og þjónustukjörnum fyrir fatlað fólk tók nokkrum breytingum á árinu 2012. Tvö herbergjasambýli voru lögð niður og einu var breytt þannig að nú eru þar íbúðir í stað herbergja. Þessar breytingar eru í samræmi við þá stefnu að allt fatlað fólk fái búsetu í sér íbúðum. Fimm herbergjasambýli eru nú rekin á Akureyri þar sem allt að fimm einstaklingar búa saman í einni íbúð. Þrátt fyrir mikla breytingu voru jafn margir sem nutu þjónustunnar og undanfarin ár eða 68 einstaklingar. Þar af bjuggu sex á áfangahæð sem er tímabundin búseta fyrir fólk sem hefur átt við geðraskanir að stríða. Í þjónustukjörnum og sambýlum fær fatlað fólk aðstoð við að halda heimili og taka virkan þátt í samfélaginu eftir getu og óskum hvers og eins. Biðlisti eftir búsetu með þjónustu fyrir fatlað fólk hefur stýst lítillega. Þegar búið er að taka tillit til þeirra, sem ekki óska eftir búsetu strax og/eða eru þegar í búsetu, voru 12 einstaklingar á biðlista í árslok 2012.

Þjónustu- og félagsmiðstöðvar aldraðra eru tvær: í Víðilundi 22 og Bugðusíðu 1. Félagsmiðstöðvarnar eru opnar fyrir 60 ára og eldri. Starfsemin er afar fjölbreytt og í stöðugri mótnun í samvinnu við notendaráð þar sem sitja 10 kjörnir fulltrúar þeirra sem taka þátt í starfinu. Starfsemin á árinu 2012 var með töluvert breyttu sniði frá janúar fram til 1. júní vegna afmælisárs Akureyrarbæjar en notendur þjónustunnar lögðu sitt af mörkum til að gera árið eftirminnilegt. Unnir voru margir skemmtilegir munir sem tengdust Akureyri á einn eða annan hátt. Þar þar hæst samvinnuverkefni 150 þátttakenda sem unnu hátíðarútgáfu af skjaldarmerki Akureyrarbæjar. Verkið var gert úr rúmlega 3.000 hekludum og prjónuðum bútum. Listaverkið var til sýnis í listasafni Akureyrar síðastliðið sumar og hefur vakið mikla athygli víða um land. Einnig var haldin vegleg vorhátíð í maí sem tæplega 200 manns sóttu.

Dagþjónusta fyrir aldraða í Víðilundi getur tekið á móti 16 gestum í senn. Dagþjónustan er mikilvægt stuðningsúræði fyrir þá sem að staðaldrif þurfa eftirlit og umsjá til að geta búið áfram heima. Dagþjónustan er rekin af Akureyrarbæ með daggjöldum frá ríkinu. Boðið er upp á flutningsþjónustu að og frá heimili notandans, tómstundaiðu, félagslegan stuðning, fræðslu, ráðgjöf og aðstoð við athafnir daglegs lífs. Þróun undanfarinna ára er í þá átt að notendur eru að jafnaði eldri en áður og með minni líkamlega og andlega færni. Þjónustuna nýttu alls 50 einstaklingar á árinu, 40 konur og 10 karlar. Á síðustu átta árum hefur meðalaldur þeirra sem sækja dagþjónustu hækkað um rúmlega fjögur ár og á árinu 2012 voru 13 einstaklingar eldri en 90 ára gamlir.

Skammtímaflutun fatlaðs fólks er stöð þjónusta þar sem fjölskyldur fatlaðra barna eiga kost á því að börnin njóti tímabundinnar dvalar þegar þörf krefur. Sama gildir um ungmennt og fullorðin fatlað fólk sem enn býr í foreldrahúsum. Flestir nýta sér helgarþjónustu en aðrir dvelja allt að viku í senn. Boðið er upp á neyðarvistun ef óvænt atvik koma upp í fjölskyldunni. Skammtímaflutun veitti alls 21 einstaklingi þjónustu á árinu: 12 voru yngri en 18 ára en níu fullorðnir. Undanfarin ár hefur notendum haldur fækkað en þeir eru meira fatlaðir og þurfa þar af leiðandi mikla þjónustu. Húsnæði skammtímaflutunar við Skólástíg 5 hentar ekki nægilega vel fyrir starfseminna. Tekin hefur verið ákvörðun um að skammtíma- og skólavistun í Árholti flytji á árinu 2013 í gamla Húsmæðraskólann við Þórunnarstræti. Boðin er skólavistun frá kl. 13-17 virka daga í Árholti fyrir börn á aldrinum 10-16 ára sem eru með skilgreinda fötlun. Yfir sumartímann er einnig í boði vistun fyrir þennan sama hóp. Í boði eru ýms tómstundatilboð, frjáls leikur, útvera og vettvangsferðir. Alls nýttu 16 börn sér þjónustu Árhólts árið 2012.

Heilsuefandi heimsóknir eru þjónusta sem felst í því að öllum 75 ára og eldri, sem búa heima og njóta ekki umfangsmikillar þjónustu, er árlega boðin heimsókn heilbrigðisstarfsmanns auk þess sem starfsmenn hafa símatíma alla virka daga. Þjónustan er greidd af ríkinu gegnum samning um rekstur heilsugæslunnar og nær til alls upptökusvæðis Heilsugæslustöðvarinnar á Akureyri. Markmið heimsóknanna er að viðhalda heilbrigði og sjálfstæði sem lengst, efla sjálfsstraust og auka öryggiskennd, jafnframt að veita ráðgjöf og upplýsingar um ýmsar lausnir á alþengum vandamálum svo og viðeigandi þjónustu. Frá upphafi hefur þjónustunni verið afar vel tekið og á árinu 2012 þáðu 73% heimsókn eða símtal af þeim sem fengu boð um heimsókn. Um 7% af þeim sem í upphafi árs áttu að fá heimsókn fengu hana ekki þar sem þeir höfðu ýmist byrjað í heimahjúkrun, fengið dagvist, flutt inn á öldrunarheimili eða látist áður en til heimsóknar kom. Þjónustan er talin vera mikilvæg samskiptaleið milli íbúa og þjónustukerfisins.

Félagsleg liðveisla er ætluð fötluðu fólki sem þarf félagslega aðstoð við að rjúfa einangrun. Markmiðið er að auka færni einstaklinga til að njóta menningar- og félagslífs. Alls fengu 125 liðveislu á árinu um lengri eða skemmri tíma, 70 fullorðnir og 55 börn. Hámarkstími á ári í félagslega liðveislu er 120 tímar. Heimilt er að veita undanþágu frá þessu viðmiði, t.d. þegar um er að ræða börn/fjölskyldur sem geta ekki nýtt sér önnur úrræði. Hægt er að útfæra þjónustuna á margvíslegan hátt, t.d. er talið að liðveisla í litlum hópum geti nýst mörgum vel og jafnframt leitt til hagræðingar þannig að þeir fjármunir, sem ætlaðir eru til þjónustunnar, nýtist fleirum.



Eyþór Ingi Jónsson leitaði til nokkurra tónskálda sem tengjast bænum um að semja tónagjöf til Akureyringa.

Iðjuþjálfari er starfandi á búsetudeild í 100% stöðu. Markmið iðjuþjálfunar er að efla færni, heilsu og vellíðan einstaklingsins í samræmi við þarfir, getu og langanir hans þannig að hann sé eins sjálfbjarga og mögulegt er, öruggur í sínu umhverfi og þátttakandi í samfélaginu. Iðjuþjálfari veitir ráðgjöf á sviði endurhæfingar,

heilsuefingar, vinnuvistfræði og hjálpartækjamála. Árið 2012 fengu 149 einstaklingar ráðgjöf. Meðalaldurinn var 72 ár og aldursbilið frá 4-95 ára.

Rekstur deildarinnar var þungur á síðasta ári og tókst ekki að halda honum innan áætlunar, m.a. vegna þess að mæta þurfti nýjum brýnum þörfum. Undanfarin ár hefur þurft að hagræða miklu í rekstrinum samhliða því að veita þjónustu sem mætir fjölbreyttum þörfum notenda. Meginstyrkur deildarinnar hefur lengi verið að hafa á að skipa starfsfólki með reynslu, þekkingu og

Áætlað er að uppsteypa á íþróttahúsi og kennsluálmum ljúki á vordögum 2014. Stefnt er að því að skólinn verði fullbyggður með frágenginni lóð og íþróttahúsi árið 2016. Heildarstærð skólans verður um 6.200 m² þegar byggingin verður fullbyggð. Hluti húsnæðisins er nýttur fyrir leikskólann Naustatjörn.

Lystigarðurinn á Akureyri var opnaður árið 1912 og var fyrsti almenningsgarðurinn á Íslandi. Árið 2012 varð Lystigarðurinn á Akureyri 100 ára. Þann 18. mars 2011 samþykkti stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar að leita eftir áhugasömum aðila til að annast rekstur kaffihúss og minjagripasölu í garðinum. Í framhaldi af því var ákveðið að hefjast handa við hönnun á kaffihúsi í Lystigarðinum. Markmið framkvæmdanna var að mæta þörfum íbúa Akureyrar, ferðamanna sem heimsækja garðinn og láða fleiri bæjarbúa og aðra gesti að garðinum. Byggingin er að mestu einnar hæðar og er í tveimur húshlutum, veitingasal annars vegar og þjónustuhluta hins vegar. Kjallari er undir nýrsta hluta þjónustubyggingar þar sem eru geymsla og tæknirými. Brúttóstærð hússins er 177 m² og var verkið boðið út í nóvember 2011. Verklök voru í byrjun júní 2012.

Akureyrarbær og félags- og tryggingamálaráðuneytið undirrituðu samning þann 30. desember 2010 um viðbyggingu á lóð við Þrastarlund 5 á Akureyri. Á sama tíma var gerður samningur um kaup Akureyrarbæjar á húsinu við Þrastarlund 3 af ríkissjóði. Markmið með samningnum er að bæta á landsvísi þjónustu við fólk sem býr við þroskahömlun og miklar atferlistruflanir og þarf af þeim sökum sérstaka aðstoð í daglegu lífi. Þegar Akureyrarbær tók við verkefninu í byrjun árs 2011 lá frumhönnun að mestu fyrir. Ákveðið var byggja 3 nýjar íbúðir og starfsmannaaðstöðu sem tengdist eldra húsi við Þrastarlund 3. Um leið yrðu gerðar breytingar innahúss til að bæta aðstöðu íbúa. Um er að ræða nýbyggingu samtals 266 m² að brúttóstærð. Framkvæmdasjóður fatlaðra greiðir Akureyrarkaupstað kostnað við framkvæmdina. Verkið var boðið út í júní 2011 og voru verklök í ágúst 2012.

Samkvæmt samkomulagi ríkis og sveitarfélaga um tilfærslu þjónustu við fatlaða færðust yfirráð allra fasteigna í eigu ríkisins, sem nýttar voru í þjónustu við fatlaða, til sérstaks Fasteignasjóðs sem er í umsjón Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Verkefni Fasteignasjóðsins er m.a. að leigja eða selja sveitarfélögum þær fasteignir sem heyra undir sjóðinn og verður söluandvirði eignanna og öðrum tekjum sjóðsins umfram gjöld ráðstafað til sérdeildar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga vegna þjónustu við fatlaða til jöfnunar vegna búsetuþjónustu við fatlað fólk. Sveitarfélag þurftu að ákveða á árinu 2011 hvort þau hygðust kaupa eignirnar eða leigja af sjóðnum. Í lok árs 2011 ákváð bæjarráð að kaupa eignirnar að Dvergagili 3, Hafnarstræti 16, Snægili 1 og Geilsatúni 1 af Fasteignasjóði Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Kaupverð eignanna er um 175 milljónir kr. og brúttóstærð samkvæmt fasteignamati um 1210 m².

Á árinu 2012 keypti Akureyrarbær 75 % eignarhluta ríkisins í Þórunnarstræti 99 og eignaðist þannig allt húsið. Húsið er hannað af Guðjóni Samúelssyni þáverandi húsameistara ríkisins og lauk hönnun þess árið 1943. Byggingameistari hússins var Stefán Reykjalín. Smíði hússins hófst 1944 og var það vígt 13. október 1945. Akureyrarbær hefur ákveðið að nýta húsið fyrir starfsemi skammtíma- og dagþjónustu fyrir fatlaða sem nú er starfrækt á þremur stöðum á Akureyri, þ.e. í Skólástíg 5, Árholti við Glerárskóla og Birkilundi 10. Hönnun á endurbótum hússins hófst árið 2012 og er áætlað að bjóða framkvæmdina út á vordögum 2013 og að ljúka framkvæmd seinni hluta ársins.

Árið 2010 ákváð bæjarráð að hefja framkvæmdir við endurnýjun og viðhald stúkunnar á Akureyrarvelli. Hönnun hófst á árinu 2010 og verkið var boðið út í febrúar 2011. Markmið með endurbótum er að skapa aðstöðu fyrir KA þar sem framkvæmdum við endurbætur og byggingu stúku á KA svæði hafði verið frestað síðla árs 2008. Í framhaldi af því var ákveðið að KA fengi Akureyrarvöll til afnota og að gerðar yrðu lagfæringar á honum og stúkumannvirkni þannig að



Afmælissborðið frá nemendum í leik- og grunnskólum bæjarins.

áhuga á að veita þjónustu sem löguð er að mismunandi þörfum fólks fyrir stuðning. Í árslok voru starfsmenn deildarinnar 308 í 179 stöðugildum. Af þessum 308 voru 45 í tímavinnu í félagslegri liðveislu. Karlar voru 88 í 53 stöðugildum og konur 220 í 126 stöðugildum. Karlar skipa því 30 % stöðugilda og konur 70 %.

Fasteignir Akureyrarbæjar

Bygging hjúkunarheimilis Lögmanshlíðar við Vestursíðu var stærsta verkefnið í vinnslu hjá Fasteignum Akureyrarbæjar á árinu 2012. Við hönnun var áhersla lögð á að skapa aðstæður sem líkjust sem mest einkaheimilum fólks. Hjúkunarheimilið er samsett af fimm heimilum þar sem 9 íbúar búa saman, hver með sína íbúð, samtals 45 íbúðir. Hver íbúð hefur svefnkrók, setustofu og rúmgott baðherbergi. Á hverju heimili er sameiginlegt rými sem er setustofa og borðstofa með eldunaraðstöðu. Sameiginleg rými þjóna öllum íbúum heimilisins og starfsmönnum þess. Í miðrými er salur, sjúkrahjálfun, iðjuþjálfun og heilsulind. Við hjúkunarheimilið eru skjólgóðir lokaðir garðar til útivistar fyrir heimilismenn og gesti. Hönnun var unnin á árinu 2010 og verkið boðið út í tveimur hlutum. Jarðvegsskipti voru boðin út í febrúar 2011 og uppsteypa og fullnaðarfrágangur á húsi og lóð í maí 2011. Verklök voru í byrjun september 2012.

Í byrjun árs 2006 hófst undirbúningur að byggingu grunnskóla við Hólmatún í Naustahverfi. Skólinn skiptist í þrjú heimasvæði, stjórnunarálm, miðrými og íþróttasal. Byggingin er öll björt og opin, gluggar eru frá heimasvæðum að miðrými. Fyrri áfangi Naustaskóla var boðinn út á vordögum 2008 og tekinn í notkun á árinu 2009. Á árinu 2010 hófst undirbúningur að útboði á seinni áfanga Naustaskóla sem er um 3.900 m² viðbygging og mun hýsa heimasvæði, verkgreinastofur, starfsmannarými, sal/ miðrými, anddyri skólans og íþróttahús. Uppsteypa á seinni áfanga var boðin út í mars 2011 og innahússfrágangur fyrir heimasvæði, verkgreinaálm og sal í desember 2011. Kennslu- og verkgreinaálma og miðrými var tilbúið til notkunar í ágúst 2012.



hann væri nothæfur næstu árin. Árið 2012 voru sett sæti í stúkuna og aðgengi fyrir fatlaða bætt. Framkvæmdum er því að fullu lokið.

Samkvæmt nýjum framkvæmdasamningi Akureyrarbæjar við KA er gert ráð fyrir verklokum á nýjum gervigrasvelli á KA-svæðinu í maí 2013. Hönnun hófst síðla árs 2012 og er áætlað að framkvæmd ljúki í júní 2013. Um er að ræða nýjan upphitaðan knattspyrnuvöll með gervigrasi sunnan við KA heimilið. Samhliða þessari framkvæmd verður verönd sunnan við húsið endurgerð og stækkuð. Lýsing verður sett upp við völinn.

Ákveðið var að setja nýja áhorfendabekki í Íþróttahöllina og var það verk unnið sumarið 2012. Eldri bekkirnir voru fluttir burtu og settir upp í Boganum.

Beiðni kom frá skóladeild um að flytja færanlegar kennslustofur frá Lundarskóla að Lundarseli og byggja forstofu og gang milli þeirra. Verkinu var lokið haustið 2012.

Undirbúningur hófst að byggingu 6 þjónustuíbúða við Borgargil 1, á lóð sunnan Giljaskóla. Sótt var um lóð til skipulagsdeildar Akureyrarbæjar og í framhaldinu var unnið nýtt aðalskipulag og deiliskipulagi breytt. Samhliða þessari breytingu var gerð tillaga um hringtorg við Borgarbraut og Bugðusiðu. Hringtorgið er hugsað til þess að bæta umferðarflæði um þessi gatnamót og tengja nýju lóðina við gatnakerfi bæjarins. Fyrirhugað er að hönnun íbúðanna hefjist þegar skipulag hefur fengist samþykkt og verkið verði boðið út síðla árs 2013.

Fjárfrekustu verkefni í viðhaldi á árinu voru endurnýjun á gluggum í Lundarskóla, glerskipti í Amtsbókasafni, innanhússframkvæmdir í Krógabóli og ýmsar framkvæmdir í Sundlaug Akureyrar og Reidhólinni, svo eitthvað sé nefnt.

Fjármálþjónusta og hagþjónusta

Fjárhagsáætlun bæjarins fyrir árið 201 var samþykkt í bæjarstjórn 6. desember 2011. Engin endurskoðun fór fram á áætluninni vegna ársins 2012 en það hefur undantekningarlítið verið regla við áætlanir fyrri ára.

Rekstrartekjur Akureyrarbæjar á árinu námu 17.390,5 millj. kr. samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi fyrir A- og B-hluta en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 16.813,7 millj. kr. Rekstrartekjur A-hluta námu 12.319,8 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir rekstrartekjum að fjárhæð 12.109,3 millj. kr. Rekstrargjöld sveitarfélagsins á árinu námu 16.076,7 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir rekstrargjöldum að fjárhæð 15.181,4 millj. kr. Rekstrargjöld A-hluta námu 12.209,9 millj. kr. miðað við 11.476,6 millj. kr. í fjárhagsáætlun. Fjármagnsliðir voru neikvæðir um 1.438,1 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir 1.466,8 millj. kr. fjármagnsgjöldum umfram fjármagnstekjur. Rekstrarniðurstaða samkvæmt samanteknum rekstrarreikningi A- og B-hluta var neikvæð um 199,7 millj. kr. en samkvæmt fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 62,9 millj. kr. jákvæðri rekstrarniðurstöðu. Rekstrarniðurstaða A-hluta var neikvæð um 758,1 millj. kr. en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir neikvæðri rekstrarniðurstöðu að fjárhæð 313 millj. kr.

Samkvæmt efnahagsreikningi eru eignir bæjarins bókfærðar á 38.882 millj. kr., þar af eru veltufjármunir 4.340,8 millj. kr. Skuldir og skuldbindingar sveitarfélagsins nema samkvæmt efnahagsreikningi 24.331,8 millj. kr., þar af eru skammtímaskuldir 3.399,5 millj. kr. Veltufjárhlutfallið er 1,28 í árslok en var 1,24 árið áður. Bókfært eigið fé nemur 14.570,6 millj. kr. í árslok sem er 37 % af heildarfjármagni en var 39 % árið áður.

Samkvæmt yfirliti um sjóðstreymi nam veltufé frá rekstri 2.155,3 millj. kr. og handbært fé frá rekstri 2.016,1 millj. kr. Fjárfestingarhreyfingar námu samtals 2.456,6 millj. kr. Fjármögnunarhreyfingar námu samtals 443,2 millj. kr. Afborganir langtímalána námu 3.942,7 millj. kr. Ný langtímalán námu 4.326,6 millj. kr. Á árinu var endurfjármagnaður stærsti hluti „kúluláns“ frá árinu 2003 sem var með gjalddaga í mars 2013 fyrir u.þ.b. 3 milljarða króna. Handbært fé sveitarfélagsins í árslok nam 2.288 millj. kr.

Heildarlaunagreiðslur án launatengdra gjalda hjá samstæðunni voru 7.303.917 þúsundir króna. Fjöldi stöðugilda var að meðaltali 1.527 sem er fjölgun um 18 stöðugildi frá fyrra ári. Laun og launatengd gjöld sveitarfélagsins án aukinna lífeyrisskuldbindinga í hlutfalli við rekstrartekjur þess voru 56 % en 59,4 % með aukningu

áfallinna lífeyrisskuldbindinga. Gjaldfærð lífeyrisskuldbinding á árinu nam 491,5 millj. kr. Annar rekstrarkostnaður var 30,3 % af rekstrartekjum. Skatttekjur sveitarfélagsins voru 525 þús. kr. á hvern íbúa en tekjur samtals 969 þús. kr. á hvern íbúa. Árið 2011 voru skatttekjurnar 496 þús. kr. á hvern íbúa og heildartekjurnar 907 þús. kr.

Akureyrarbær sendir frá sér fjölmarga reikninga á hverju ári vegna ýmiskonar þjónustu sem bæjarfélagið veitir ásamt kröfum vegna innheimtu fasteignagjalda. Árið 2012 voru sendar út 107.622 kröfur (orkureikningar frá Norðurorku eru ekki taldir með hér) fyrir ríflega 3 milljarða króna. Í árslok voru 2.263 kröfur ógreiddar sem komnar voru fram yfir eindaga eða líðlega 2,1 % af útgefnum kröfum ársins.

Ársreikning bæjarins er að finna á heimasíðunni www.akureyri.is/ymsar-fjarmalaupplýsingar.

Húsnæðisdeild

Húsnæðisdeild sér um útleigu leiguíbúða Akureyrarbæjar í samræmi við reglur sem um þær gilda, greiðslu húsaleigubóta ásamt ráðgjöf og upplýsingagjöf tengdri húsnæðismálum.

Í árslok 2012 voru 143 aðilar á biðlista eftir íbúð hjá Akureyrarbæ en auk þess höfðu 15 leigjendur óskað eftir flutningi innan kerfisins í hentugara húsnæði. Í árslok 2012 voru 268 leiguíbúðir í eigu Akureyrarbæjar. Ein 2ja herbergja og ein 4ra herbergja íbúð voru keyptar á Akureyri og tvær 3ja herbergja íbúðir seldar í Hrísey. Umsóknir um leiguíbúð á árinu voru 179 en voru 163 árið 2011 og voru 149 þeirra samþykktar en 30 hafnað þar sem skilyrði voru ekki uppfyllt eða umbeðin gögn bárust ekki. Aldrei hafa fleiri umsóknir um leiguíbúð borist til deildarinnar frá því að núverandi fyrirkomulag á úthlutun leiguíbúða var tekið upp árið 1999. Úthlutanir voru 50 á árinu en 10 höfðu úthlutun og féllu út af lista eða fóru neðst á hann. Síðla árs urðu því sem næst engin leigjendaskipti á íbúðum en það leiddi af sér lengri biðlista og biðtíma. Mikil umskipti hafa því orðið hvað varðar biðtíma eftir leiguhúsnæði vegna færri leigjendaskipta og fleiri umsókna um íbúðir.

Almennar húsaleigubætur

Almennar húsaleigubætur eru greiddar leigutökum íbúðarhúsnæðis að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Markmið með bótunum er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra og jafna aðstöðumun á húsnæðismarkaði. Greiddar almennar húsaleigubætur námu 230,7 milljónum á árinu 2012 á móti 225 milljónum árið 2011 og er það 2,5 % aukning á milli ára.

Bótaþegar voru 949 í lok árs 2012 en 985 árið 2011 en það er 3,8 % fækkun á milli ára. Heildarfjöldi þeirra sem fengu



Hátíðarsamkoma á Akureyrarvelli 1. september.

húsaleigubætur á árinu var 1.216 en var 1.230 árið áður.

Skipting umsækjenda um húsaleigubætur eftir atvinnustöðu og fjölskyldugerð í lok árs 2012 var sem hér segir:

Almennar húsaleigubætur

Atvinnustaða	Gift/samb. með börn	Gift/samb. án barna	Einstæðir foreldrar	Einhleypar konur	Einhleypir karlar	Samtals
Í atvinnu	42	6	155	69	35	307
Atvinnulaus	12	5	28	7	20	72
Öryrkjar	13	9	59	77	115	273
Ellilífeyrisþegar	0	9	0	24	13	46
Heimavinnandi	3	0	6	1	0	10
Nemar	17	36	41	72	75	241
Samtals	87	65	289	250	258	949



Hátíðarsamkoma á Akureyrarvelli.

Sérstakar húsaleigubætur

Sérstakar húsaleigubætur eru greiddar til þeirra sem leigja á almennum markaði og uppfylla reglur um úthlutun leiguíbúða Akureyrarbæjar ásamt því að hafa átt lögheimili á Akureyri síðastliðna 12 mánuði.

Árið 2012 voru greiddar 21,9 milljónir til að meðaltali 126 einstaklinga á mánuði en var 17,1 milljón árið 2011. Aukning á milli ára er 21,9% og fjölgun bótaþega er 18,3% á milli ára. Þeir voru að meðaltali 103 árið 2011. Meðaltal bótaupphæðar var tæpar 14.506 kr. á mánuði á hvern umsækjanda. Samtals fengu 190 einstaklingar sérstakar húsaleigubætur á árinu öllu.

Fjölskyldudeild

Árið 2012 var annasamt en starfsemin gekk vel með samstilltu starfsfólki. Unnið var að ýmsum nýjungum í þjónustunni. Nefna má þróunarverkefnið „Stuðningurinn heim“ sem hófst haustið 2011 og haldið var áfram með. Um er að ræða stuðning inn á heimili fyrir barnafjölskyldur á vegum félagsþjónustunnar. Um mitt ár gaf velferðarráðuneytið út leiðbeinandi reglur fyrir sveitarfélög um innleiðingu notendastýrðrar persónulegrar aðstoðar (NPA). Í kjölfarið var ákveðið að taka þátt í verkefninu og semja reglur fyrir Akureyrarbæ sem voru samþykktar í desember. Áfram var unnið að bættri þjónustu við börn með ADHD og langveik börn með tilkomu styrkja frá velferðarráðuneyti. Þetta var síðasta árið sem ráðuneytið veitti styrki til þessa verkefnis. Haldin voru námskeið fyrir börn með ADHD greiningu og foreldra þeirra og stuðningsfjölskyldur voru í boði fyrir langveik börn og börn með ADHD.

Í barnavernd var unnið með 358 börn í 252 fjölskyldum. Barnaverndartilkynningar voru hins vegar 345. Algengasta ástæða tilkynningar að þessu sinni var vanræksla eða 139 tilkynningar. Í 110 tilvikum var tilkynnt um ofbeldi gegn barni en 92 tilkynningar bárust vegna áhættu hegðunar barns. Þá bárust 3 tilkynningar um að heilsu eða lífi ófæddis barns væri stefnt í hættu. Tvö börn voru vistuð á meðferðarheimili fyrir unglinga á árinu. Alls voru gerðir

8 samningar um fóstur barns eða vistun á einkaheimili. Í lok árs voru 10 börn í varanlegu fóstri á vegum barnaverndarnefndar Eyjafjarðar en 7 börn í tímabundnu fóstri eða vistun.

Hækkun á útgjöldum til fjárhagsaðstoðar milli ára 2011-2012 var 13,8% og þeim sem fengu aðstoð fjölgaði um 17 einstaklinga og fjölskyldur. Fjöldi þeirra sem fengu fjárhagsaðstoð á árinu var 394 en heildarútgjöld voru 127.471 milljónir kr. Meðaltalsupphæð á skjólstæðing var 323.013 kr. en fjöldi samþykktra umsókna var 1.438. Ef horft er til aldurs og fjölskyldugerðar þá er hlutfall ungs fólks af heildarfjölda 34% sem er sambærilegt við það sem verið hefur, einstæðar mæður eru núna stærsti hópurinn eða 35% en þar fast á eftir koma einhleypir karlar eða 33%. Einhleypir eru núna 54% samtals en einstæðir foreldrar samtals 37%. Varðandi atvinnustöðu fjölga sjúklingum og þeim sem eru atvinnulausir bæði með og án bótaréttar. Þannig eru atvinnulausir sambærilegt hlutfall af heildarfjölda og síðustu tvö ár eða um 33% en um 37% atvinnulausra eru án bótaréttar.

Skólaárið 2010-2011 voru 1.200 börn í 18 leikskólum á þjónustusvæðinu en 2.995 í 14 grunnskólum. Heildarmálafjöldi úr grunnskólum var 538 mál sem skiptust þannig að 474 mál komu úr skólum á Akureyri en 64 mál komu úr skólum utan Akureyrar. Málafjöldinn úr leikskólum var 170 sem skiptist þannig að 157 mál komu úr leikskólum Akureyrarbæjar en 13 mál komu frá leikskólum utan Akureyrar. Umtalsverð teymisvinna fer fram vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarfrávik en þannig var unnið í 244 málum á skólaárinu sem skiptust þannig á milli skólastiga að 158 voru mál grunnskólabarna en 86 voru mál leikskólabarna.

Markmið með stuðningsfjölskyldum í málaflokki fatlaðra er að létta álagi af fjölskyldum fatlaðra barna og gefa börnunum möguleika á aukinni félagslegri þátttöku. Á árinu voru 32 börn með stuðningsfjölskyldu frá einum til fimm sólarhringa á mánuði en alls var varið

870 sólarhringum í þessa þjónustu. Af þessum 32 börnum fengu tvö þjónustu með samningi við foreldra þeirra um notendastýrða þjónustu. Eitt barn var á biðlista eftir stuðningsfjölskyldu í árslok. Á árinu voru afgreiddar 53 umsóknir vegna umönnunargreiddsna til foreldra vegna fötlunar eða þroska- og hegðunarraskana barna en á skrá voru 146 fjölskyldur með umönnunarmat.

Alls fóru 35 einstaklingar í vinnu á almennum vinnumarkaði gegnum *Atvinnu með stuðningi*. Á árinu voru gerðir 28 nýir vinnusamningar öryrkja en 92 samningar voru í gildi á árinu. Í lok árs voru 26 einstaklingar á biðlista eftir atvinnu.

Á árinu varð Hæfingarstöðin 20 ára en hún hóf starfsemi í húsnæði vistheimilisins Sólborgar árið 1992. Í tilefni af afmælinu gafu þeir Lionsklúbbur fjármuni til að koma upp svokölluðu skynörvunarherbergi. Alls nutu 55 einstaklingar þjónustu stofnunarinnar á árinu. Notendur eru breiður hópur hvað snertir þarfir og aldur. Flestir eru þroskahamlaðir en aðrir með seinni tíma heilaskaða, einhverfu, dauflundu og fleiri þroskaraskanir. Flestir notendur búa á sambyli en nokkrir búa í foreldrahúsum eða í sjálfstæðri búsetu.

Starfsemi Plastiðjunnar Bjargs/Íðjulundar (PBI) gekk vel árið 2012. Vinnustaðurinn jók hlutdeild sína í sölu á flestum framleiðsluvörum á kostnað innflutnings, t.d. á kertum og raflagnæfni. Þann 1. júlí hófst samstarf Endurvinnslunnar hf. og PBI um móttöku endurvinnanlegra umbúða. Endurvinnslan leggur til húsnæði og tækjabúnað en PBI sér um vinnupáttinn. Með þessu nýja verkefni gefst kostur á fjölbreyttari verkefnum sem henta breiðari hópi og þá einkum yngra fólki. Á árinu voru 52 einstaklingar í starfsendurhæfingu og starfsþjálfun en í ótímabundinni ráðningu (verndaðri vinnu) voru 32 einstaklingar.

Framkvæmdadeild

Helstu verkefni ársins 2012 vegna nýrra gatna voru að byrja á lagningu Dalsbrautar frá Miðhúsabráut að Skógarlundi, setja upp gatnalýsingu í Daggarlundi og vinna við frágang opinna svæða í Naustahverfi auk ýmissa smærri verkefna. Helstu verkefni við



endurgerð gatna voru að ljúka við Spítalaveg og Tónatröð, lagfæra sig í Hólatúni auk ýmssa smærri verkefna.


Í malbikun var lokið við að leggja á Brálund, lagt var á hluta Dalsbrautar en hluti var skilinn eftir þar sem farg er á þeim hluta vegna sigs. Undirbúningur hófst við gerð Heiðartúns í Naustahverfi en ekki tókst að leggja á götuna áður en vetur skall á. Lokið var við malbikun og frágang á göngu og hjólastíg (1,2 km) meðfram Drottningarbraut frá flugvelli að Miðhúsabrat. Byggðir voru upp stígar samhliða lagningu Dalsbrautar, alls um 1,3 km og 1 km var malbikaður. Þá voru gangstéttar og ýmsir stígar utan gatna víðs vegar um bæinn byggðir upp og malbikaðir. Alls var lagt malbik á um 2,8 km af stígum og gangstéttum. Akureyrarbær kom einnig að gerð gangstíga í Kirkjugarði Akureyrar. Unnið var við viðhald á eldri götum bæjarins, en fjárveiting vegna þessa málaflokks var hækkuð lítilega milli ára.

Áfram var unnið að umferðaröryggismálum gangandi vegfarenda, sérstaklega barna á leið úr og í skóla. Að þessum málum er unnið í samvinnu við skólayfirvöld og nemendur. Sett voru upp ný umferðarljós á gatnamótum Þingvallastrætis og Dalsbrautar. Um er að ræða nýja kynslóð svokallaðra LED-ljósra auk þess sem unnið var að smávægilegum umbótum í umferðaröryggismálum víðs vegar um bæinn. Einnig var unnið að hraðamælingum í hverfum bæjarins og verða þær upplýsingar notaðar til að meta hvernig tekist hefur til með lækun á hámarkshraða.


Hreinlætismál

Í heildina hefur úrgangur frá heimilum aukist milli ára 2011 og 2012. Almennt sorp sem flutt er til urðunar á Sölvabakka hefur aukist um tæp 9 % og er nú um 124 tonn að meðaltali á mánuði. Á sama tíma hefur lífrænt heimilisorpið sem unnið er í Moltu minnkað um 1,7 % og er nú rétt tæp 70 tonn að meðaltali á mánuði. Magn af endurvinnsluefnum hefur aukist um 5,6 % og var tæplega 63 tonn að meðaltali á mánuði.


Hlutfall úrgangs 2012



Hlutfall heimilisuðgangs árið 2012



Magn heimilisuðgangs til urðunar 2012



Umhverfismál

Til umhverfismála var varið heldur meira fjármagni en venjulega vegna 150 ára afmælis Akureyrarbæjar eða 203 milljónum króna í rekstur, þ.e. umhirðu og viðhald í bæjarfélaginu. Gróðursetning trjáa og runna í bæjarlandið var með svipuðum hætti en heldur bætt í sumarblómaræktun í tilefni afmælis og voru 44,500 blóm gróðursett víðs vegar um bæinn þótt áherslan hafi verið á miðbæinn.

Í Lystigarðinum var opnað nýtt kaffihús og voru ýmsar framkvæmdir þar í tilefni 100 ára afmælis garðsins. Meðal annars var sett upp lýsing á aðalstíginn, merkingar betrubættar, vatnsfontur settur upp og fleira.

Í Hrísey hélt baráttan við að hefta útbreiðslu skógarkerfils og lúpinu áfram með það að markmiði að endurheimta fyrra gróðurlendi. Í Grímsey var stikuð gönguleið um eyjuna.

Farið var í fjórðu fuglatalninguna við Hundatjörn í Naustafloa og er skýrslan aðgengileg á heimasíðu bæjarins.

Rekstur á opnum leiksvæðum var með hefðbundnu sniði.

Endurskoðun á Staðardagskrá 21 fyrir Akureyri er í vinnslu og haldið var vel heppnað íbúðing í Hofi sem skilaði mörgum góðum og athyglisverðum hugmyndum. Þá tók Akureyrarbær þátt í samgönguviku sem tókst með ágætum.

Vinnuskólinn var rekinn með svipuðu sniði og undanfarin ár, þ.e. við fegrun og hirðingu en um 15 % vinnutíma unglinganna fer í fræðslu.

Rekstur meindýra- og dýraeftirlits var hefðbundinn en það annast eftirlit og skráningu hunda, katta og annarra gæludýra. Dýraeftirlitið annast ennfremur vöktun og eyðingu á rottum, vargfugli, refum og minkum. Jarðeignir og búfjáreftirlit annast leigulönd bæjarins ásamt fjallsgirðingu, fjallskilum og vörnum gegn riðu. Jarðeignir halda utan um útgáfu búfjárleyfa. Í stað gömlu fjárréttarinnar á Glerárdal, sem var rífin vegna framkvæmda, var byggð ný rétt í landi Hrapstaða. Fimm sveitarfélög á Eyjafjarðarsvæðinu mynda búfjáreftirlitssvæði 18 og Búnaðarsamband Eyjafjarðar hefur umsjón og eftirlit með forðagæslu hjá þeim.

Slökkvilið Akureyrar

Árið 2012 var nokkuð hefðbundið hjá Slökkvilið Akureyrar.

Nýr æfingagámur kom til liðsins í apríl og er hann notaður við æfingar í heitri reykköfun. Það er Mannvirkjastofnun sem lagði til gáminn sem er hugsaður til æfinga fyrir slökkvilið Akureyrar sem og nágrennaslökkviliðin.

Í maí var farið í slökkvistöðina í Grímsey og hún skipulögð upp á nýtt. Slökkviliðseiningin í Hrísey fékk útkall þegar eldur kom upp í báti. Vel gekk að slökkva og því gat aukaviðbragðslið sem sent var



Alls kyns uppákomur í miðbænum.

frá Akureyri snúið við. Öflug liðseining, sem er vel tækjum búin, er í eygni enda þurfa Hríseyingar að vera sjálfum sér nógir fyrstu 45 mínúturnar í það minnsta.

Á árinu tók liðið formlega við gamla slökkviliðsbílnum SA-1 sem er Ford Big Job árgærd 1953. Stórhuga menn, Smári heitinn



Jónatanasson og Óskar Pétursson, komu að máli við slökkviliðsstjóra árið 2009 og báru undir hann hugmynd að endurbótum á bílunum. Bíllinn prýðir nú húsnæði stöðvarinnar gestum hennar til mikillar ánægju.

Slökkvilið Akureyrar var kallað út 2.306 sinnum árið 2012 sem er um 8% fjölgun á milli ára. Liðið var kallað út 1.768 sinnum á sjúkrahúsum en það er um 13% aukning frá fyrra ári. Fjöldi sjúkraflutninga hefur verið 1.500-1.600 á undanförunum árum og er því um met að ræða.

463 sjúkraflug voru farin árið 2012 og fluttir 487 sjúklingar. Um er að ræða 2% fækkun á milli ára eða sem nemur 11 flugum. Því má segja að fjöldi sjúkrafluga standi nánast í stað.

58 sinnum voru dælibílar liðsins kallaðir út en það er um 38% fækkun á milli ára.

Strætisvagnar Akureyrar

Leiðakerfi SVA var óbreytt frá fyrra ári. Eknar voru fjórar leiðir og voru tveir aukavagnar í umferð á morgnana vegna framhaldsskóla. Síðasti hluti ársins var erfiður vegna fannfergis og voru miklar tafir í umferðinni sem ollu því að flestar leiðir voru á eftir áætlun svo dögum skipti. Samtals voru eknir um 246.000 km og farþegar voru um 461.000.

Nýr og fullkominn lyftubíll, sem gerður er fyrir tvo hjólastóla, var tekinn í notkun hjá ferlipjónustu í september. Bíllinn getur gengið fyrir metangasi en áætlað er að afgangið sé á því hefjist í ágúst 2013. Þá eru fjórir ferlibílar í notkun og eru þeir allir fullnýttir frá kl. 7.30 til 17.00. Eftir það er einn bíl á ferð sem sinnir akstri til kl. 23.00. Akstur ferlipjónustu var 107.000 km og ferðafjöldi var 48.692.

Fráveita Akureyrar


Í lok ársins var skólupútrás við Sandgerðisbót lengd í um 100 metra og er nú á um 10 metra dýpi. Reglulegar mælingar eru gerðar meðfram strandlengjunni til að hægt sé að kortleggja næstu skref í fráveitumálum. Sett var niður ný dælustöð við Leirunesti í stað rotþróar. Einnig var rotþró golfvallarins á Jaðri aflögð og golfvöllurinn tengdur við fráveitukerfið. Gömul stofnlögn við Skátagil var endurnýjuð sem og aðrar eldri lagnir víðsvegar um bæinn.

Heilsugæslustöðin

Akureyrarbær hefur í rúman áratug rekið Heilsugæslustöðina á Akureyri (HAK) samkvæmt þjónustusamningi við ráðuneyti. Umdæmi HAK er fimm sveitarfélög í Eyjafirði og Fnjóskadal en Hríseyingar tilheyra heilsugæsluumdæmi Dalvíkur. Íbúar í umdæmi HAK voru 20.267 þann 1. desember 2012 og hefur hefur þeim

fatlaðra og geðsjúkra svo eitthvað sé nefnt. Akureyrarmódelinu voru gerð góð skil í ársskýrslu Akureyrarbæjar árið 2007.

Fjöldi íbúa á svæði HAK



Læknisþjónusta

Unnið er út frá þeirri hugmyndafræði að allir íbúar eigi fastan heimilislækni og það fyrirkomulag talið bæði faglega og fjárhagslega hagkvæmast. Því miður hafa aðstæður ekki leyft að sú væri raunin síðustu ár og árið 2012 jókst enn bið eftir tímum hjá læknum. Fer fjöldi þeirra, sem ekki eiga fastan heimilislækni, vaxandi en þeim íbúum var þó sinnt af læknum sem starfandi eru, sem og öðru starfsfólki. Vaxandi álag hefur verið á heimilislækna og að meðaltali hafði hver íbúi á svæðinu samskipti við þá ríflega fjórum sinnum yfir árið í viðtali, símtali eða fyrir milligöngu annarra starfsmanna. Reynslan sýnir að um 10% erinda og óska sem heilsugæslustöðinni berast eru frá íbúum utan þjónustusvæðis HAK. Þriðju hverja viku fór læknir til Grímseyjar og einnig sinntu læknar þjónustu við fanga á Akureyri.

Sem fyrr hafa líknarfélög reynst heilsugæslunni vel en á árinu 2012 gaf Hjartavernd Norðurlands 13 blóðþrýstingsmæla, Lionsklúbbur Akureyrar gaf aðgerðabekk og Hjartaheill á Akureyri gaf nýtt hjartalínuritstæki. Komu þessar góðu gjafir sér einstaklega vel í starfsemi HAK.

Hjúkrunarþjónusta

Hjúkrunarfræðingar sinna margskonar verkefnum í móttöku og greiða úr ýmsum heilsufarsvanda, veita ráðgjöf, leiðbeiningar og hjúkrunarþjónustu. Um 2.300 manns voru bólusett gegn inflúensu, svipaður fjöldi og venjulega, og þar af var tæplega helmingur íbúa 65 ára og eldri. Hjúkrunarfræðingur tók að sér umsjón með meðferð og greiningu á klamydíu og virðist þeim sýkingum heldur fjölga. Hjúkrunarfræðingar sinntu einnig krabbameinsleit á FSA og færni- og heilsumati fyrir Norðurland.

Heilsuvernd

Í mæðravernd komu 479 konur í skoðun til ljósmæðra, að meðaltali tæplega 5 sinnum hver á árinu 2012. Sem fyrr er lögð áhersla á að meta þarfir hverrar og einnar konu og styðja sérstaklega við þær sem þurfa á því að halda. Í ungbarnavernd voru 1.675 börn vikuð, mæld og skoðuð, að meðaltali þrisvar sinnum hvert barn á árinu 2012. Tæplega 300 skoðanir fóru fram í leikskólum og 55 fjölskyldur fengu sérstakan stuðning í ungbarnavernd. Þrettán grunnskólar eru á umráðasvæði HAK og sinna hjúkrunarfræðingar og læknar heilsuvernd skólabarna. Skimanir, bólusetningar og skoðanir voru gerðar í ákveðnum árgöngum og fræðsla hjúkrunarfræðinga sem byggir á „6-H-um heilsunnar“ (hollusta, hvíld, hreyfing, hreinlæti, hamingja, hugrekki/kynheilbrigði) er sífellt að eflast. Unglingamóttakan var með svipuðu sniði og áður, opin einu sinni í viku og var mest sótt af ungu fólki á aldrinum 16-18 ára sem aðallega hafði áhyggjur af kynsjúkdómsmiti. Rúmlega 700 íbúar höfðu samskipti við fjölskylduráðgjöf, flestir vegna vandamála er snerta fjölskyldutengsl, áhættuþætti eftir fæðingu og vanlíðan, kvíða, þunglyndi og depurð. Sem fyrr var mikil eftirspurn eftir þjónustu fjölskylduráðgjafa og á stundum mun lengri bið en æskilegt getur talist. Á Grenivík sinnti hjúkrunarfræðingur heilsuvernd og læknar fóru þangað reglulega til að taka á móti sjúklingum.

Heimahjúkrun

Jafnt og þétt hefur þörfin fyrir heimahjúkrun aukist. Öldruðum hefur fjölgað um 10% á svæðinu frá 2008 um leið og vistrýmum hefur fækkað um 6% ásamt því að dregið hefur úr starfsemi sjúkrastofnana. Skjólstaðingum heimahjúkrunar fækkaði milli



Helena Eyjólfsdóttir, Óskar Pétursson og Snorri Guðvarðsson.

fjölgað um 13% sl. 12 ár. Reynslan af því að reka heilsugæslu og öldrunarþjónustu hjá Akureyrarbær er góð og hafa þær vinnuáferðir sem voru þróðar vakið mikla athygli og gengið undir nafninu „Akureyrarmódelinu“. Er með því vísað í samvinnu og samþættingu á sviði heilsugæslu, félags-, öldrunar- og skólamála, auk málefna



Afmælistónleikar í Listagilinu 1. september.

ára og vitjunum fækkaði einnig því nú er fleiri einstaklingum með meiri og tímafrekari hjúkrunarþarfir sinnt en áður var. Markvisst er farið yfir allar umsóknir um heimahjúkrun og heimaþjónusta Akureyrarbæjar sinnir í auknum mæli verkum sem áður var sinnt af hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Á árinu var gerður samningur við Sjúkratryggingar Íslands um þjónustu við sjúklingahóp sem áður var sinnt af Umönnun hjúkrunarfyrtækis.

Samfélags- og mannréttindadeild

Hlutverk samfélags- og mannréttindadeildar er umsjón og rekstur félags- og tómstundamiðstöðva á vegum bæjarins og samskipti við félög sem starfa á því sviði, forvarnamál, starfsemi kvennasmiðju, málefni ungs fólks, málefni nýbúa, jafnréttismál og önnur mannréttindamál sem ekki eru sérstaklega falin öðrum deildum bæjarins. Í ársbyrjun 2012 var íþróttadeild færð undir samfélags- og mannréttindadeild og þar með yfirstjórn á rekstri og starfsmannahaldi málaflöksins sem og samskipti við félagasamtök á sviði íþróttamála.

Á árinu voru heimsóknir í félagsmiðstöðvarnar um 19.500 og fleiri strákar en stelpur taka þátt í starfinu. Meðal lykilkþátta í starfi félagsmiðstöðvanna eru opin hús, kennsla í félagsmálafræði, kúbbastarf, Mentorverkefni og fræðsla með forvarnagildi að leiðarljósi.

Heimsóknir í Ungmenna-Húsið á árinu voru um 15.000. Lykilkþættir í starfseminni eru opin aðstaða, klúbbastarf, Mentorverkefni, aðstoð við hópa, ráðgjöf til einstaklinga, samstarf við framhaldsskóla og skapandi sumarstörf, svo eitthvað sé nefnt. Ungmenna-Húsið starfar með Vinnumálastofnun að því að virkja ungmenni sem eru án atvinnu. Í boði er einnig starfstengt nám fyrir nemendur í unglíngadeildum grunnskólanna sem ekki finna sig í hefðbundnu námi. Þátttakendur eru um 30 á hverju ári. Alls fengu 219 ungmenni vinnu í sumarátaki Akureyrarbæjar en Ungmenna-Húsið heldur utan um ráðningar.

Forvarnafræðsla til leik- og grunnskólabarna var með hefðbundnu sniði og í samræmi við aðgerðaáætlun. Í forvarnastefnunni er

áhersla lögð á að foreldrar gegni lykilhlutverki, að börn öðlist jákvæða og sterka sjálfsmynd, heilbrigðir lífshættir séu eflir og að greiður aðgangur sé að íþrótt-, lista- og tómstundastarfi fyrir börn.

Kvennasmiðja var rekin í samstarfi við Starfsendurhæfingu Norðurlands þar sem fyrst og fremst er unnið að sjálfstyrkingu. Tvær leiðir voru í boði, annars vegar hefðbundin kvennasmiðja og hins vegar Gæfuspörin sem ætluð eru konum sem glíma við afleiðingar ofbeldis.

Alþjóðastofa, þjónustu- og upplýsingamiðstöð fyrir erlenda íbúa bæjarins, er til húsa í Ráðhúsinu við Geislagötu. Þangað sótti fjöldi erlendra íbúa bæjarins þjónustu og aðstoð.

Punkturinn starfaði með hefðbundnu sniði. Boðið var upp á opna aðstöðu til handverksíðkunar auk styttri námskeiða fyrir börn og fullorðna. Heimsóknir í Punktinn voru rúmlega 14.000. Konur eru mun duglegri en karlar að nýta sér aðstöðuna. Alls sóttu 1.209 grunnskólabörn sérstök tómstundanámskeið sem í boði eru á starfstíma grunnskólanna.

Í tilefni af 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar var haldinn sérstakur móttöku- og kynningardagur í Rósenborg þar sem félög og félagasamtök af ýmsu tagi kynntu starfsemi sína fyrir bæjarbúum, ekki síst þeim sem nýlega höfðu flutt til bæjarins.

Heimsóknir

	2012
Félagsmiðstöðvar	19.500
Ungmennahúsið	15.000
Punkturinn	14.000



Rekstur íþróttamannvirkja Akureyrarbæjar gekk vel á árinu og var nýting þeirra góð að vanda. Ýmiss konar viðburðir aðrir en íþróttæfingar og íþróttakappleikir fara fram í íþróttamannvirkjunum svo sem tónleikar, listasýningar, veislur, ráðstefnur og fundir. Íþróttahöllin fagnaði 30 ára starfsafmæli þann 5. desember 2012.



Á árinu var Afreks- og styrktarsjóði Akureyrarbæjar breytt í Afrekssjóð Akureyrar og um leið gerð ný samþykkt fyrir sjóðinn.

Undir lok árs var gengið frá samningi um uppbyggingu gervigrasvallar á íþróttasvæði KA og samningaviðræður um endurnýjun rekstrarsamninga við íþróttafélög hófust.

Heimsóknir í íþróttamannvirki

	2012	2011
Fjölskyldugarðurinn við Sundlaug Akureyrar	8.500	7.500
Hlíðarfjall	60.435	64.457
Íþróttamiðstöðin Giljaskóla	100.000	80.000
Íþróttahús Glerárskóla	102.000	112.000
Íþróttahús Laugargötu	21.200	19.500
Íþróttahöllin	310.000	300.000
Íþróttamiðstöðin í Hrísey	10.500	12.500
Síðuskóli	100.000	100.000
Sundlaug Akureyrar	323.292	330.000
Sundlaug Gerárskóla	58.000	58.000
Sundlaugin í Grímsey	2.200	2.000

Skipulagsdeild

Meginverkefni skipulagsnefndar og skipulagsdeildar Akureyrarbæjar eru skipulags- og byggingarmál, umhverfisskipulag, lóðaúthlutanir, umferðarmál og landupplýsingakerfi Akureyrar (LUKA). Leiðarljós skipulagsnefndar er Aðalskipulag Akureyrar 2005-2018 sem leggur línur og verður ekki fram hjá komist nema með breytingum á því. Skipulagsnefnd hefur frumkvæði að skipulagstillögum og breytingum á þeim en bæjarstjórn samþykkir þær eða hafnar.

Skipulagsnefnd gerir tillögur til bæjarstjórnar um stefnu í skipulags- og byggingarmálum og tekur ákvarðanir á grundvelli nýrra skipulagslaga nr. 123/2010 og mannvirkjalaga nr. 160/2010. Hún hefur eftirlit með stefnumörkun og samþykktum í málaflokkum sem undir hana heyra, hefur frumkvæði að gerð skipulagstillagna og skipulagsskilmála og gerir tillögur til bæjarstjórnar um skipulagsáætlanir og breytingar á þeim.

Skipulagsstjóri er framkvæmdastjóri skipulagsnefndar og sér einnig um daglegan rekstur skipulagsdeildar en þar starfa átta manns. Framkvæmd byggingarmála og byggingareftirlits heyrir einnig undir skipulagsdeild.

Skipulagsnefnd hélt 20 fundi á árinu 2012 og tók til umfjöllunar 318 mál. Skipulagsstjóri (skipulags- og byggingarfulltrúi) hélt 47 afgreiðslufundi vegna byggingarmála og tók til umfjöllunar 515 mál. Fjöldi úttekta byggingareftirlits á árinu voru 504 auk stöðu- og lokaúttekta og annarra skoðana á húsum.

Helstu skipulagsverkefni sem lokið var 2012:

- Miðbær 1. áfangi, deiliskipulag Drottningarbrautarreits
- Dalsbraut, deiliskipulag, framkvæmdaleyfi
- Innbær, endurskoðun deiliskipulags
- Hlíðarhverfi, deiliskipulag
- Siglingaklúbburinn Nökkvi, deiliskipulag
- Stórholt-Lyngholt, deiliskipulag
- Öseyri sunnan Krossanesbrautar, deiliskipulag
- Vestursíða-Borgarbraut, deiliskipulag
- Brekkuskóli og nágrenni, deiliskipulag
- Aðalskipulagsbreyting, háspennulínur að Kífsá

Skipulagsverkefni í vinnslu 2012:

- Miðbær 2. áfangi, deiliskipulag Skipagötureits og nágrenni
- Naustahverfi, 3. áfangi
- Glerárdalur, fólkvangur
- Glerárdalur, deiliskipulag á völdum svæðum
- Svæðisskipulag Eyjafjarðar, endurskoðun
- Aðalskipulag Hríseyjar, endurskoðun
- Hlíðarfjall, skíðasvæði deiliskipulag
- Kjarnaskógur, deiliskipulag
- Reiðleiðir, endurskoðun, aðalskipulagsbreyting

Samkvæmt stefnu L-listans í bæjarstjórn er lögð áhersla á eftirfarandi verkefni:

Verkefni á undirbúningsstigi:

- Krossanes-Þórsnes, deiliskipulag
- Göngu- og hjólastígatengingar innan bæjarlandsins frá Kjarnaskógi að Krossanesborgum
- Torfunefsbyggja, endurgerð

Svæði skilgreind í aðalskipulagi sem verkefni vegna þéttingar byggðar:

- Deiliskipulag við Vestursíðu, að hluta lokið
- Svæði 1 við Krossanesbraut
- Svæði 2 við Krossanesbraut
- Deiliskipulag við Melgerðisás
- Svæði við Hlíðarbraut
- Nemendagarðar við Norðurslóð
- Deiliskipulag við Viðjulund
- Akureyrarvöllur, breytt landnotkun
- Oddeyrin, endurskoðun

Nauðsynlegt er að vanda mjög til verka við verkefni „þétting byggðar“ sem oft og tíðum eru viðkvæm mál og kalla á nána samvinnu og samráð við íbúa.

Tryggja skal nægilegt framboð lóða á hverjum tíma og er staðan þannig að til eru lóðir í öllum flokkum innan byggingargeirans.

Aðalskipulag Hríseyjar er í endurskoðun í samráði við Hverfisráð Hríseyjar og er gert ráð að þeirri vinnu verði lokið 2013.

Miðbær, endurskoðun á deiliskipulagi: Stofnaður hefur verið verkefnishópur vegna endurskoðunar á auglýstri tillögu um deiliskipulag miðbæjarins frá fyrra kjörtímabili sem ekki hlaut staðfestingu. Gert er ráð fyrir að endurskoðuninni verði lokið á kjörtímabilinu.

Háspennulínur um Akureyri, aðalskipulagsbreyting: Landsnet ohf. hefur óskað eftir að gerð verði breyting á aðalskipulagi Akureyrar þannig að hægt verði að ljúka við Blöndulínu 3 og tengingu hennar við Kröflulínu. Gerð hefur verið aðalskipulagsbreyting á hluta línuleiðarinnar frá sveitarfélagsmörkum að Kífsá. Skipulagsnefnd hefur lagt til að línur frá Kífsá að sveitarfélagsmörkum Eyjafjarðarsveitar verði lögð í jörðu.

Glerárdalur, fólkvangur: Hafin er undirbúningsvinna að því að Glerárdalur verði skilgreindur sem fólkvangur í samstarfi við Umhverfisstofnun en þar verður lögð áhersla á aðgengi að dalnum m.t.t. útivistar.

Glerárdalur, deiliskipulag: Gert er ráð fyrir að vinna hefjist við deiliskipulag valdra svæða á Glerárdal, m.a. áningarstaða og uppistöðulóns fyrirhugaðrar virkjunar í efri hluta Glerár. Þar verður lögð áhersla á góðar gönguleiðir og áningarstaði á svæðinu í tengslum við uppbygginguna.

Yfirlit yfir byggingaframkvæmdir á árinu 2012 (tölur í svigum eru frá árinu 2011):

Íbúðarhús:

Hafin var smíði 71 íbúðar (18). Þar af voru einbýlishús 9 (2), 4 raðhús með 17 (5) íbúðum og 7 fjölbýlishús með 45 (11) íbúðum.

Skráðar voru fullgerðar 86 (22) íbúðir á árinu, þ.e. 1 (2) einbýlishús, 8 (8) íbúðir í raðhúsum og 77 (12) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Í árslok voru fókheld og lengra komin í byggingu 76 (74) einbýlishús, 74 (74) íbúðir í raðhúsum og 295 (356) íbúðir í fjölbýlishúsum.

Skemmra á veg komin en fókheld í byggingu voru í árslok 15 (9) einbýlishús, 21 (12) íbúðir í raðhúsum og 255 (226) íbúðir í fjölbýlishúsum.


	Einbýli	Raðhús	Fjölbýli	Samtals
Hafnar framkvæmdir	9	17	45	71
Fullgert á árinu	1	8	77	86
Fókheld á árinu	3	6	16	25
Í smíðum í árslok	91	95	550	736
Þar af í notkun	73	68	285	426




Hafnar framkvæmdir við íbúðarbyggingar, bílgeymslur, sólskála, viðbyggingar o.fl.:
317 m² (1.978) og 896 m³ (6.445).

	m ²	m ³
Vinnsla búsafurða	63	248
Iðnaður	43	126
Verslun	0	0
Veitinga- og gistihús	0	0
Verslun/iðnaður	0	0
Verslun/skrifstofur	0	0
Skrifstofuhúsnæði	323	1.143
Frístundahús	481	1.713
Önnur þjónustustarfsemi	177	672
Félagsleg starfsemi	0	0
Opinber starfsemi	915	3.480
Samtals	2.154	7.903
Tölur frá síðasta ári	(10.524)	(46.481)

Íbúðabyggingar eftir byggingarstigi



Íbúðarbyggingar, byrjanir eftir húsagerð



Skóladeild

Skólalald í Akureyrarkaupstað er blómlegt sem fyrr. Vel er staðið að verki og starfshættir stjórnenda og annars starfsfólks bera því glögg vitni.

Þann 17. apríl 2012 samþykkti bæjarstjórn tillögur skólanefndar um breytingar á stjórnkerfi leik- og grunnskóla Akureyrarkaupstaðar. Felast þær einkum í að:

- skapa svigrúm til að ráða mannauðsstjóra á skóladeild sem sinnir ráðgjöf til stjórnenda vegna starfsmannamála sem og ráðgjöf til starfsmanna skólanna
- stækka og/eða sameina leikskóla með það að markmiði að fjöldi barna í hverjum skóla verði á bilinu 90-140
- auka ráðgjöf til leik- og grunnskólustjóra í þeim tilgangi að efla faglega forystu í skólum og styrkja samfellu skólastiganna
- hvetja til þess að skólar byggji starf sitt á hugmyndum og aðferðum lærdómssamfélagsins (Professional Learning Community) og komið verði á teymisvinnu í öllum skólum
- þróa áfram samstarf Naustaskóla og Naustatjarnar
- auka dreifstýringu í leikskólum til samræmis við það sem er í grunnskólunum

Staðan á þessum verkefnum er sem hér segir:

- Við fjárhagsáætlanagerð fyrir árið 2013 skapaðist ekki svigrúm til að ráða mannauðsstjóra á skóladeild
- Á árinu gekk í garð annarsvegar sameining Pálmholts og Flúða

og starfar skólinn nú undir nafni Pálmholts og hinsvegar sameining Síðusels og Holtakots en sá skóli fékk nafnið Huldurheimar.

- Meginþorri stjórnenda grunnskólanna tók þátt í verkefninu Heiltæk forysta sem miðar að aukinni samvinnu stjórnenda en því verkefni lýkur á vordögum 2013. Miðstöð skólaþróunar við HA mun stýra verkefninu áfram og ráðgert er að koma á samstarfi stjórnenda í leik- og grunnskólum haustið 2013.

- Innleiðing á starfsháttum lærdómssamfélagsins er ekki hafin annars staðar en í Naustaskóla. Ráðstefnan Samræður skólastiganna sem haldin verður í október 2013 mun fjalla um lærdómssamfélagið og allt starfsfólk leik- og grunnskóla tekur þátt í henni.

- Naustaskóli og Naustatjörn fá áfram ráðgjöf frá Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri

- Á haustdögum var stigið það skref að styrkja fjárhagslegt sjálfstæði leikskólanna og ákvarðanir um þjónustutíma færðar í hendur hvers skólastjóra.

Rekstur fræðslu- og uppeldismála fór 4,8% fram úr áætlun árið 2012 eða um 214 milljónir. Rekstur leikskólanna fór 7% fram úr áætlun og rekstur grunnskólanna 3,3%. Munar þar mestu um aukin langtímaveikindi en þau hafa aukist milli áruna 2007-2012 um 3% í leikskólum og 52% í grunnskólum. Einnig náðist ekki að verða við hagræðingarkröfu í mötuneytum, lægri framlög búrast frá Jöfnunarsjóði vegna Tónlistarskólans á Akureyri og framlög frá mennta- og menningarmálaráðuneytinu voru lægri til Hlíðarskóla en ráð var fyrir gert.

Nemendafjöldi í leik- og grunnskólum 1. október ár hvert

	2007	2008	2009	2010	2011	2012
Leikskólar	1.048	1.061	1.046	1.084	1.096	1.105
Grunnskólar	2.589	2.620	2.593	2.599	2.610	2.638
Heildarfjöldi	3.637	3.681	3.639	3.683	3.706	3.743

Sameiginlegur matseðill

Í upphafi árs 2012 kom til framkvæmda breyting á skólamatseðlum leik- og grunnskóla bæjarins þar sem ákveðið var að hafa sama matseðil í öllum skólum bæjarins. Meginmarkmiðið með þessari breytingu er að tryggja að öllum skólabörnum standi til boða hollur og næringarríkur hádegisverður og að gera foreldrum kleift að fylgjast með þeirri næringu sem skólinn býður upp á.

Akureyrarkaupstaður hefur gert samning við birgja er annast sölu á kjötvörum, fiski, ávöxtum og grænmeti. Með þeim samningi



Íslandsklukkunni við Háskólann á Akureyri var hringt 150 sinnum.

er reynt að tryggja gæði og ferskleika þeirrar vöru sem í boði er þar sem bærinn gerir ákveðna kröfu um gæði og ferskleika.

Matartæknir í leikskólanum Íðavelli vann uppskriftirnar og setti saman matseðlana en matvælafræðingur hjá rannsóknarstofunni Sýni fór yfir matseðlana og skoðaði m.t.t. útboðs, fjölbreytni



og ráðlegginga Landlæknisembættisins. Rannsóknarþjónustan ProMat tók að sér að fylgjast með gæðum hráefnisins.

Matseðillinn nær yfir sjö vikur og er sýnilegur á heimasíðum skólanna og einnig á heimasíðu skóladeildar Akureyrarkaupstaðar. Þar er hægt að skoða matseðilinn fyrir hvern dag, sjá innihaldslýsingu máltíða og næringargildi matarins.

150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar

Allir grunn- og leikskólar á Akureyri tóku virkan þátt í afmælisárinu með fjölmörgum verkefnum. Sérstakur samráðshópur í grunn- og leikskólum sá um skipulag og umsjón með verkefnum.

Nemendur úr öllum skólum á Akureyri gerðu sérstakan borða sem á var letruð afmæliskefju til bæjarins og var borðinn strengdur á milli húsa í Kaupvangsstræti í maímánuði. Einnig var afmælisborðinn uppi á sjálfan afmælisdaginn og á Akureyrarvöku. Nemendur unnu mósaíkmynd úr afmælismerki Akureyrar og var verið afhent bæjarstjóra við sérstaka athöfn á afmælisdegi Akureyrar, 29. ágúst. Tveir söngdagar voru haldnir í miðbænum, þann 16. og 23. mars, og var nemendum úr öllum skólunum skipt niður á þessa tvo daga. Uppákomar og söngurinn vöktu mikla lukku hjá bæjarbúum enda rödd æskunnar hljómfögur og gleðin ríkjandi hjá nemendum. Staðið var fyrir ljóðasamkeppni í skólunum og voru verðlaun afhent fyrir besta ljóðið í þremur aldursflokkum á sérstökum hátíðardegi skólanna sem haldinn var 16. maí. Verðlaunaljóðin komu frá leikskólanum Naustatjörn, Hlíðarskóla og Síðuskóla.

Uppskeruhátíð skólanna var haldin 7.-21. maí. Sérstakur hátíðardagur var 16. maí en fjölbreytt dagskrá var frá klukkan 10.00-14.00 fyrir nemendur í Menningarhúsinu Hofi og í sviðsvagni á Ráðhústorgi. Nemendur skemmtu með leiklist, upplestri, dansi, söng og fleiru. Grillaðar voru pylsur ofan í ungdominn og boðið upp á safa í miðbænum. Haldnar voru sýningar á verkum nemenda út um allan bæ. Fjölbreytt verk prýddu ýmis fyrirtæki og stofnanir bæjarins. Einnig voru útilistaverk á ýmsum stöðum í bænum sem glöddu vegfarendur.

Leikskólar

Leikskólinn er fyrsta skólastigið og er fyrir börn undir skólaskyldualdri. Starf leikskóla byggir á lögum og aðalnámskrá en nú vinna allir leikskólar Akureyrarkaupstaðar að endurskoðun skólanámskrár samkvæmt fyrirætlum nýrrar aðalnámskrár sem mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út í maí árið 2011. Þeirri vinnu skal vera lokið árið 2014.

Leikskólarnir Flúðir og Pálmholt voru sameinaðir í einn skóla þann 1. ágúst 2012 undir nafni Pálmholts, Neðra hús og Efra hús.



Glatt á hjalla á Ráðhústorgi 1. september.


Leikskólarnir Holtakot og Síðusel voru einnig sameinaðir þann 1. ágúst 2012 og heitir skólinn nú Hulduheimar, Kot og Sel.

Akureyrarkaupstaður rekur níu leikskóla á Akureyri, eina leikskóladeild í Hrísey og aðra í Grímsey. Auk þess gerir bærinn samninga við tvo einkarekna leikskóla, Hólmasól sem er rekinn af Hjallastefnunni ehf. og Hlíðaból sem rekinn er af

Hvítasunnukirkjunni á Akureyri. Leikskólarnir eru opnir frá kl. 7.45-16.15. Leikskólarnir á Akureyri voru lokaðir í fjórar vikur sumarið 2012 en lokunartímabilin voru tvö.

Í október 2012 voru 97,9% barna á Akureyri á aldrinum 2-5 ára (fædd 2007-2010) í leikskóla. Þá voru einnig um 3,3% barna fædd 2011 í leikskóla en börn þurfa að hafa náð a.m.k. 18 mánaða aldri til þess að komast inn í leikskóla. Í október voru 1.105 börn í leikskólunum, þar af var 971 barn í 7-8,5 tíma vistun og 135 börn í 4-6,5 tíma vistun. Heildarstöðugildin voru 239,23 í október 2012 og starfsmenn leikskólanna 284.

Dreifing dvalarstunda á leikskólum árið 2012



Hlutfall barna á leikskólum

Fæðingarár	2007	2008	2009	2010
	98 90 %	98 50 %	98 40 %	95 70 %

Dagforeldrar

Dagforeldrar voru 40 í lok desember 2012 og hjá þeim dvaldi alls 181 barn. Akureyrarkaupstaður greiddi niður daggæslu fyrir 180 börn og þar af voru 137 börn giftira foreldra og foreldra í sambúð og 35 börn einstæðra foreldra. Niðurgreitt var fyrir 8 börn þar sem báðir foreldrar voru í námi og eitt barn var ekki skráð með lögheimili í bæjarfélaginu. Árið 2012 voru veitt níu leyfi til daggæslu barna í heimahúsi og jafnmargir dagforeldrar létu af störfum. Þá fór eitt dagforeldri í fæðingarorlof að vori og eitt dagforeldri fór í tímabundið leyfi á miðju ári.

Námskeiðsdagur dagforeldra var haldinn 22. september og nýttu 39 dagforeldrar sér fræðslu í slysavörnum.

Grunnskólar

Akureyrarkaupstaður gerðist aðili að Skólavoginni á árinu 2012 en það er matskerfi sem gerir sveitarfélögum kleift að fylgjast kerfisbundið með þróun ýmissa þátta í starfi grunnskólans. Fjöldi skóla sem tekur þátt í verkefninu á landinu öllu er 116 og í þeim eru um 77,5% nemenda. Skólavogin er tæki sem nýtist sveitarfélögum við að koma til móts við lögbundnar kröfur um mat og eftirlit með skólum ásamt því að veita gagnlegar upplýsingar vegna úthlutunar fjármagns til skóla.

Skólavogin byggir á þremur meginstöðum: a) Árangri nemenda á samræmdum prófum, b) lykiltölum er varða rekstur skólanna og c) viðhorfi nemenda, foreldra og starfsmanna til skólastarfsins.

Hér fylgja helstu niðurstöður í flokkunum þremur fyrir Akureyrarkaupstað fyrir árið 2012:

Rekstrarupplýsingar

	Landið	Akureyri
Fjöldi nemenda á hvern starfsmann við kennslu	9,4	10,2
Fjöldi nemenda á hvern kennara	11,9	13,5
Fjöldi nemenda á hverja stjórnunarsöðu	84,6	98,6
Fjöldi nemenda á hvern almennan starfsmann	20,5	19,3
Árlegur launakostnaður á hvern nemanda	776	731
Annar árlegur kostnaður á hvern nemanda	423	380
Árlegur sértekjur skólans á hvern nemanda	60	74
Árlegur heildarkostnaður (brúttó) á hvern nemanda	1.199	1.110
Meðalárslaun starfsmanna	5.020	4.871
Hlutfall starfsmanna við kennslu með réttindi	96,3	98,7
Kostnaðarhlutfall grunnskóla af heildarútgjöldum sveitarfélagsins	30,4	26,4
Kostnaðarhlutfall grunnskóla m.v. skatttekjur sveitarfélagsins	35,6	36,4
Hlutfall nemenda m.v. íbúafjölda	13,3	26,4

Samræmd próf (landsmeðaltal er 30)

	Landið	Akureyri
10. bekkur íslenska (5 ára meðaltal)	30.0	29.7
10. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltal)	30.1	30.0
10. bekkur enska (5 ára meðaltal)	30.2	30.0
7. bekkur íslenska (5 ára meðaltal)	30.0	30.2
7. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltal)	30.0	29.1
4. bekkur íslenska (5 ára meðaltal)	30.0	30.3
4. bekkur stærðfræði (5 ára meðaltal)	30.0	29.0

Í viðhorfsskönnunum meðal nemenda kemur fram að börn á Akureyri skera sig ekki úr hvað varðar virkni, líðan eða skóla- og bekkjaranda.

Meðal foreldra eru meginniðurstöður svipaðar. Þó vikur frá í nokkrum þáttum. Virkni foreldra í heimanámi barna er marktækt minni hér en að meðaltali í könnuninni og foreldrum finnst námsefni vera of létt. Einnig er marktækt munur á viðhorfi foreldra til eineltis í skólunum en þeir telja það vera minna en almennt gerist. Foreldrar á Akureyri eru ánægðari með vefi skólanna, þeir taka meiri þátt í gerð námsáætlauna barna sinna og hjá foreldrum kemur fram að þeir telja sérstuðning meiri á Akureyri en gengur og gerist.

Við gerð ársskýrslunnar lágu niðurstöður úr viðhorfsskönnun meðal starfsfólks ekki fyrir.

Í ágúst hófst vinna allra grunnskólanna við að innleiða aðalnámskrá. Gerður var samningur við Miðstöð skólaþróunar Háskólans á Akureyri um að stjórna verkefninu. Allir kennarar sóttu námskeið í HA fyrir skólabyrjun auk þess sem vinna stýrihóps hófst með fulltrúum allra skólanna. Hittist sá hópur mánaðarlega til samræðs og ráðgjafar auk þess sem fulltrúi hvers skóla í ráðgjafahópnum situr í framkvæmdarráði hvers skóla. Unnið er eftir verkáætlun sem nær yfir tvö skólaár en innleiðingu á að vera lokið fyrir skólaárið 2014-2015. Árið 2012 fékkst styrkur úr Sprotasjóði að upphæð 1.800.000 kr. til verkefnisins.

Stykir fengust úr Þróunarsjóði grunnskólanna til þriggja verkefna, þ.e. fyrir Fjölbreytt einstaklingsmiðað námsmat 420.000 kr., Stöndum saman 30.000 kr. og Árangursrík bekkjarstjórnun 40.000 kr.

Ráðinn var kennsluráðgjafi á skóladeild fyrir nemendur með íslensku sem annað tungumál. Jafnframt voru gerðar skipulagsbreytingar í Oddeyrarskóla og móttökudeild fyrir nýbúa lögð af en þess í stað var kennsla og ráðgjöf færð út í alla grunnskólana.

Haustráðstefna skóladeildar var haldin í Menningarhúsinu Hofi 19. ágúst. Er þetta í þriðja skiptið sem ráðstefnan er haldin og hana sóttu allir starfsmenn grunnskólanna og Tónlistarskólans. Að þessu sinni var umfjöllunarefnið heilsa og velliðan.

PMT-Foreldrafærni og SMT-Skólafærni

Akureyrarbær hefur frá árinu 2006 boðið foreldrum PMT-foreldrameðferð vegna hegðunarvanda barna og frá árinu 2007 hafa PMT-foreldrafærninámskeið fyrir foreldra barna með vægari hegðunarferðileika verið haldin reglulega. Markmiðið er bæði að fyrirbyggja alvarlega hegðunarferðileika og eins að taka markvisst á hegðun barna með raunprófuðum aðferðum. Einnig hefur verið boðið upp á sérstök PMT foreldranámskeið fyrir foreldra barna með ADHD.

Þrír leikskólar, Kiðagil, Flúðir og Holtakot hlutu SMT-sjálfstæðisviðurkenningu á árinu. Pálmholt, Huldurheimar, Lundarsel, Sunnuból og Hlíðarból eru enn í innleiðingarferli ásamt Síðuskóla, Oddeyrarskóla og Lundarskóla.

Haldið var eitt grunnmenntunarnámskeið á árinu og luku því 15 manns en samtals hafa 138 fagaðilar á Akureyri lokið grunnmenntun á tíu námskeiðum. Markmið grunnmenntunar er að efla færni fagstétta í PMT-ráðgjöf og meðferð vegna hegðunarferðileika. Þetta fólk er flest starfandi innan SMT-skólanna og nýtist þekking þess því mjög vel í skólasamfélaginu.

Einn starfsmaður hóf meðferðarmentunarnám hjá Skóla-skrifstofu Hafnarfjarðar á árinu en fjórir PMT-meðferðaraðilar eru starfandi hjá Akureyrarkaupstað. Þrjú foreldranámskeið voru haldin á árinu sem 32 foreldrar 19 barna sátu. Einnig var haldið eitt námskeið fyrir foreldra barna með ADHD sem styrkt var af velferðarráðuneytinu. Því luku 12 foreldrar átta barna. Fjölskyldur tólf barna voru í PMT-meðferð og 10 fjölskyldur í PMT-O-meðferð fyrir foreldra unglinga sem nú er þróunarverkefni í samvinnu við Barnaverndarstofu.



Útsaumur mynd af París (Bláu könnunni eftir Hrafnhildi Eiríksdóttur.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Nemendur voru 409 í skólabyrjun 2012. Hefðbundið skólastarf var með kraftmeira móti á árinu og mótaðist að miklu leyti af nokkrum stórum verkefnum sem ráðist var í. Fjöldi tónleika var svipaður og undanfarin ár eða í kringum 90 og voru þeir unnir í samstarfi við ýmsa aðila s.s. Glerárkirkju, Glerártorg, 1862 Bistro, Hlíð, Sinfóníuhljómsveit Norðurlands (SN), Skátana, Lions-hreyfinguna og marga fleiri. Blásarasveit skólans lék að venju við tendrun jólaljósa á Ráðhústorgi, 17. júní og sjómannadaginn. Áfangapróf voru 66 á árinu og útskriftarnemar voru fimm, þar af fjórir í klassískum söng og einn í klassískum píanóleik.

Kennarar og starfsfólk notuðu tímann á árinu til að þróa nýtt námsmat sem farið verður að vinna eftir næsta haust. Lögð verður meiri áhersla á lykilhæfni, markmiðssamninga, símat og sjálfsmat auk þess sem hluti námsmatsins verður valkvæður fyrir nemendur og foreldra. Námsmatið var þróað í samstarfi kennara, fagráðs, notendaráðs og nemendafélags skólans.

Meðal stærri verkefna Tónlistarskólans (TA) á árinu var samstarf við Sinfóníuhljómsveit Norðurlands á þrennum tónleikum. Nemendur skólans léku á aðventutónleikum hljómsveitarinnar þar sem sveitin flutti meðal annars tónlist úr verkinu Snjókarlinum og tók jafnframt þátt í glæsilegum stórtónleikum á skírdag þar sem Stjórnustíðssvita Johns Williams var leikin auk 6. sínfóníu Tschaiikovskys. Hæst bar þó samstarfsverkefni TA, Söngdeildar Sigurðar Demetz og SN þar sem fluttar voru óperur í fullri lengd í Hamraborg. Nemendur TA sáu um kórsöng í óperum Bellinis, La Sonnambula og I Puritani. Meðal annarra verkefna má nefna Óperublót klassísku söngdeildarinnar, Magnúsartónleika ritmísku deildarinnar á Græna hattinum, masterclass með Birni Thoroddssen, Hilmarí Jenssyni og Sigurði Flosasyni auk árlegrar píanóhelgar.

Dagur tónlistarskólanna var haldinn hátíðlegur í febrúar og komu um 1.000 manns í Hof þann dag á átta mismunandi viðburði. Á deginum var margt á boðstólum fyrir alla fjölskylduna, m.a.



ratleikur fyrir yngstu kynslóðina og hljóðfærakynning í Hamraborg auk úrvals af tónleikum úr öllum deildum. Í febrúar tók TA einnig þátt í Nótunni, uppskeruhátíð tónlistarskólanna. Á svæðisbundnu hátíðinni fyrir Norðausturland á Egilsstöðum hlaut skólinn tvær viðurkenningar.

Sérstök áhersla var lögð á tónlist Sveinbjörns Sveinbjörnssonar í skólastarfinu í vetur en skólinn hefur undanfarin ár átt samstarf við Tónlistarsafnið í Kópavogi í því skyni. Í haust var sett upp sýning um tónskáldið í galleríinu á austurgangi þriðju hæðar Hofs og nýtti hluti kennara sér það í starfi vetrarins. TA tók þá einnig þátt í samnorðnu verkefni þriggja þjóða. Skólinn tók á móti nemendum frá Danmörku og Noregi sem unnu með nemendum skólans að verkefni sem spannst í kringum skapanornirnar Urði, Verðandi og Skuld. Afrakstur samstarfsins mun verða fluttur í Noregi haustið 2013 þar sem nemendur skólans munu leika, syngja og dansa. Fleiri lögðu land undir fót því bæði stórsveit og bláasarasveit skólans héldu til Spánar og strengjasveitir til Póllands.

Útgáfumál

Skóladaeild heldur úti vefsíðunni Skoladeild.akureyri.is þar sem finna má allar helstu upplýsingar um það sem er að gerast í skólamállum hjá Akureyrarbæ og allt sem gefið hefur verið út af skýrslum og öðru tengdu efni. Þá gefur skóladaeild út rafræna ritið Skóla-akur sem kemur út annan hvern fimmtudag í september til maí ár hvert.

Starfsmannabjónusta

Starfsmannabjónusta Akureyrarbæjar annast launaútreikning fyrir alla starfsmenn Akureyrarbæjar, bæjarfulltrúa og nefndarmenn ásamt ráðgjöf til stjórnenda og starfsmanna sveitarfélagsins um kjör og réttindi, mannauðsmál og ráðningar starfsmanna. Einnig hefur deildin umsjón með framkvæmd mannauðsstefnu Akureyrarbæjar, kjarapróun og fræðslumálum starfsmanna.

Helstu tölulegar upplýsingar um starfsemi deildarinnar á árinu 2012 er að finna í eftirfarandi töflu:


	Samtals	Konur	Karlar
Fjöldi launþega	3.532		
Samtals greidd laun í milljónum króna	7.032		
Ársverk	1.518	1.102	416
Fjöldi ráðinn í sumarvinnu:			
Atvinnuáttak 17 og 18-25 ára	173	64	109
Sumarvinna með stuðningi	103	48	55
Atvinnuáttak VMST	22	3	19
Sumarvinna	338	237	101

Boðin var sumarvinna fyrir unglinga árið 2012 eins og undanfarin ár. Unglingum á aldrinum 14-15 ára bauðst vinna í vinnuskóla 3 klukkustundir á dag í 6 vikur, samtals 72 klukkustundir. Unglingar sem urðu 16 ára á árinu gátu fengið 6 stunda vinnu á dag í 6 vikur, samtals 144 klukkustundir. Atvinnulausu skólafólki á aldrinum 17-25 ára með lögheimili á Akureyri var boðin sumarvinna í 5 vikur, 7 tíma á dag, samtals 175 klukkustundir. Allir sem sóttu um fengu boð um starf.

Akureyrarbær tók einnig þátt í átaki Vinnumálastofnunar og velferðarráðuneytisins til að fjölga störfum fyrir námsmenn og atvinnuleitendur.

Samtals voru 509 unglingar á aldrinum 14-16 ára í vinnuskólanum sumarið 2012. Á meðfylgjandi mynd sést að talsvert fleiri strákar voru í vinnuskólanum en stelpur.


Vinnuskóli sumar 2012




Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA) gerði úttekt á launakjörum starfsfólks Akureyrarbæjar árið 2012 og var rannsókninni sérstaklega ætlað að varpa ljósi á hugsanlegan kynbundinn launamun meðal starfsmanna bæjarins. Helstu niðurstöður eru að óútskýrður launamunur karla og kvenna var 3,9% í heildarlaunum starfsfólks í fullu starfi þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Óútskýrður launamunur karla og kvenna var 1,5% í körlum í vil, í dagvinnulaunum starfsfólks uppreiknuð miðað við fulla stöðu þegar búið var að taka tillit til menntunaraldurs, starfs, deildar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Í úttekt sem Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands gerði árið 1998 á launum starfsfólks Akureyrarbæjar kom í ljós að heildarlaun kvenna 8% voru lægri en heildarlaun karla þegar búið var að taka tillit til menntunar, starfs, deildar, aldurs, starfsaldurs og vinnutíma. Þessi munur var kominn niður í 2-3% árið 2007 en hefur nú hækkad lítillega aftur og er 3,9% í þessari nýju rannsókn RHA. Hvað dagvinnulaunin varðar þá kom í ljós í úttektinni árið 2007 að dagvinnulaun kvenna voru 1,0% hærri en dagvinnulaun karla þegar búið var að taka tillit til áhrifaþátta. Nú hefur þetta snúist við og hafa konur nú 1,5% lægri dagvinnulaun en karlar að teknu tilliti til áhrifaþátta. Bæjarráð, samfélags- og mannréttindaráð og kjarasamninganefnd Akureyrarbæjar hafa ákveðið að stofna vinnuhóp sem hefur það hlutverk að greina ástæður þess að munur mælist á launum kynjanna og gera tillögur að úrbótum.

Myndir 2 og 3 sýna dreifingu á starfshlutfalli kvenna og karla í 20% starfshlutfalli eða hærra í nóvember 2012 og mynd 4 sýnir fjölda starfsmanna af hvoru kyni í sama mánuði.


Konur í 20-100% starfshlutfalli - nóvember 2012



Karlar í 20-100% starfshlutfalli - nóvember 2012



Fjöldi starfsmanna í 20-100% starfi - nóvember 2012




Rannsókn RHA á launum starfsmanna Akureyrarbæjar í nóvember 2011 náði til 1.589 starfsmanna Akureyrarbæjar í 40% eða hærra starfshlutfalli, 357 karla (22,5%) og 1.232 kvenna (77,5%). Rannsóknin sýnir að breyting hefur orðið á kynjahlutfalli frá því RHA gerði sambærilega rannsókn á launum árið 2007. Hlutfall




karla er aðeins hærra nú en í könnuninni 2007 en þá voru karlar 21,8% starfsmanna og konur 71,9%. Innan við helmingur starfsfólksins er í fullu starfi eða 48,5% sem er aðeins lægra hlutfall en í fyrri könnun en þá voru 49% í fullu starfi. Mun algengara er að konur séu í skertu starfshlutfalli en karlar eða 58,5% kvenna á móti 27,5% karla. Í könnuninni 2007 voru 59,4% kvenna í skertu starfshlutfalli þannig að örlítið lægra hlutfall kvenna er nú í skertu starfshlutfalli en áður.

Í mannauðsstefnu Akureyrarbæjar sem samþykkt var árið 2009 var sett fram markmið um að ráða til starfa metnaðarfullt og hæft starfsfólk og ein leiðin til þess að ná því markmiði er að auglýsa öll störf. Í byrjun árs 2011 voru samþykktar verklagsreglur um auglýsingar starfa sem hafa haft í för með sér breytt vinnulag við ráðninga og fjölgun atvinnuauðsýninga.

Fjöldi auglýstra starfa 2012



Fjöldi umsókna 2012



Undanfarin ár hefur starfsmannþjónustan unnið að innleiðingu á SAP mannauðskerfi en í því felast nokkur kerfi sem innleidd hafa verið hjá Akureyrarbæ. Þetta eru launakerfi, ráðningarkerfi, námskeiðskerfi, skrifborð stjórnandans, skjalaskápur og íbúa- og starfsmannavefurinn eg.akureyri.is. Mannauðskerfið viðheldur og kemur skipulagi á upplýsingar um starfsfólk bæjarins og eykur þannig yfirsýn stjórnenda. Kerfið nýtist einnig sem tæki til að skipuleggja starfsþróun starfsfólks, s.s. með skipulagningu á símenntun og starfsmannasamtölum.

Innleiðing vaktakerfisins My Time Plan hélt áfram hjá stofnunum Akureyrarbæjar. Um er að ræða hugbúnað sem auðveldar stjórnendum og starfsmönnum skipulagningu vinnutíma og frítíma. Kerfið auðveldar meðal annars spá um mönnunarþörf, vaktaskipulagningu og viðveruskráningu. Hver starfsmaður getur nálgast upplýsingar um vaktaplan sitt, viðveruskráningu þar sem það á við, stöðu sína með tilliti til vinnuskyldu og hvað hver dagur gefur í tímum talið.

Uppsetning og vinna við gæðahandbók fyrir deildina hélt áfram á árinu 2012. Markmiðið með gæðahandbókinni er að samræma vinnubrögð með því að skrásetja vinnuferla og leiðbeiningar. Gæðahandbókin er í sífelldri þróun á deildinni og árangur þessarar vinnu hefur sýnt sig í samræmdari og markvissari vinnubrögðum starfsmanna. Sú reynsla sem komin er á vinnu við innleiðingu og gerð gæðaskjala hefur nýst vel við innleiðingu kerfisins hjá öðrum stofnunum Akureyrarbæjar.

Starfsfólk starfsmannþjónustunnar útskrifaðist úr Launaskólanum árið 2012. Launaskólinn er 84 stunda námskeið á

vegum fræðslusetursins Starfsmenntar sem er sérhannað fyrir launafulltrúa og þá sem koma að starfsmanna- og kjaramálum hjá ríki og bæ. Starfsfólk starfsmannþjónustunnar sótti tvo síðustu hluta námsins í mars og nóvember þar sem fjallað var annars vegar um fjarveru frá vinnu og hins vegar um mannauð og hæfni.

Starfsmannþjónustan heldur úti þremur upplýsingamiðlum fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar. Þeir eru starfsmannahandbók og stjórnendahandbók á vef Akureyrarbæjar, Akureyri.is, og starfsmannavefurinn eg.akureyri.is. Á starfsmannahandbókinni er hægt að nálgast á einum stað upplýsingar um flest það sem lýtur að vinnustaðnum, kjaramálum, réttindum, skyldum o.fl. Á forsiðu handbókarinnar eru reglulega birtar fréttir er varða starfsfólk Akureyrarbæjar. Stjórnendahandbók er einnig að finna á heimasíðu Akureyrarbæjar en hún er upplýsingaveita til stjórnenda. Starfsmannavefurinn veitir starfsfólki aðgang að einstaklingsbundnum upplýsingum sem skráðar eru í SAP mannauðskerfið. Þar getur starfsfólk m.a. skoðað launaseðla sína, fengið upplýsingar um stöðu orlofs og fjölda skráðra veikindadaga. Starfsmannalista fyrir alla vinnustaði á vegum Akureyrarbæjar, afmælisbörn dagsins og lista yfir nýtt starfsfólk hjá Akureyrarbæ er einnig að finna á vefnum. Auk þessa getur starfsfólk skoðað reikninga, sem gefnir eru út af Akureyrarbæ, s.s. leikskólagjöld og fasteignagjöld.

Fréttabréf starfsfólks Akureyrarbæjar, Innanbæjarkrónikan, var gefið út sex sinnum árið 2012. Innanbæjarkrónikan inniheldur upplýsingar fyrir starfsfólk um hin ýmsu málefni ásamt því að kynna fyrir starfsfólki ólíka starfsemi sveitarfélagsins. Fréttabréfinu er dreift á kaffistofur stofnana bæjarins auk þess sem hún er aðgengileg í starfsmannahandbókinni á vef Akureyrarbæjar.

Fyrri hluta ársins 2012 starfaði starfshópur sem skipaður var til að fara yfir niðurstöður starfsmannakannana sem gerðar voru árið 2010 og 2011. Í maí skilaði starfshópurinn tillögum að aðgerðum til bæjarstjóra. Meðal þeirra verkefna sem ákveðið var að hringa í framkvæmd var að stofna teymi innanhússfræðara sem tækju að sér að skipuleggja námskeið um vellíðan og samskipti á vinnustað auk fræðslu um forvarnir gegn einelti á vinnustöðum. Óskað var eftir tilnefningum frá deildum um starfsfólk sem gæti tekið að sér verkefnið og skipað var 12 manna teymi. Til að undirbúa vinnuna var í desember haldið svokallað þjálfaraverkstæði fyrir innanhússfræðarana en það er námskeið sem er sérhannað fyrir fólk sem kennir og þjálfa á vinnustað. Á árinu 2013 verður vinnustöðum Akureyrarbæjar boðin fræðsla um þessi mikilvægu málefni.

Starfsmannþjónustan tekur þátt í verkefnum Virkur vinnustaður ásamt Öldrunarheimilum Akureyrar og leikskólanum



Hátiðarfundur bæjarstjórnar í Menningarhúsinu Hofi miðvikudaginn 29. ágúst.

Pálmholti. Um er að ræða þróunarverkefni í samstarfi við VIRK starfsendurhæfingarsjóð um forvarnir og endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi eða slys. Tilgangur verkefnisins er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og aðstoð við að móta og



150



20

innleiða stefnu um velferð og fjarvistir. Verkefnið hófst í október 2011 og mun standa í þrjú ár.

Símenntun starfsmanna Akureyrarbæjar fer að stærstum hluta fram á hverjum og einum vinnustað en sameiginleg fræðsla fyrir starfsfólk Akureyrarbæjar hefur aukist undanfarin ár. Reglulega eru t.a.m. haldin nýliðanámskeið og þjónustunámskeið.

Stjórnendur Akureyrarbæjar eru duglegir við að sækja um styrki í fræðslusjóðina Sveitamennt og Mannauðssjóð Kjalar til þess að

Skrúðganga að Akureyrarvelli þar sem fram fór sérstök hátíðarsamkoma.

Hjá Akureyrarbæ starfa yfir 80 stjórnendur og skipuleggur starfsmannþjónustan stjórnendafræðslu fyrir þennan hóp. Árið 2012 var unnið í samvinnu við Símenntunarmiðstöð Eyjafjarðar að greiningu á fræðsluþörfum stjórnenda. Stýrihópur vann að skilgreiningu verkefnisins, sendar voru út kannanir og stjórnendur voru beðnir um að meta fræðsluþarfir sínar og starfsumhverfi. Afurð þessa verkefnis er ítarleg símenntunaráætlun sem nýtt verður næstu árin fyrir stjórnendafræðsluna. Markmið stjórnendafræðslunnar er að styrkja stjórnendur í starfi. Fræðsludagatal er að finna í stjórnendahandbók á vef Akureyrarbæjar og þar eru tiltekin þau námskeið sem haldin verða á næstunni. Auk ýmissa námskeiða voru tveir starfsdagar stjórnenda haldnir á árinu þar sem stjórnendur komu saman til að ræða sameiginleg verkefni og fengu fræðslu um sameiginleg málefni.

Öldrunarheimili

Á árinu 2012 stóðu tvö verkefni upp úr hjá Öldrunarheimilum Akureyrar (ÖA) samhliða reglulegri starfsemi og viðvarandi þróunarverkefnum.

Annars vegar var um að ræða byggingu og undirbúning að opnun á nýju hjúkrunarheimili við Vestursíðu. Unnið var að endurskipulagningu á starfsemi vegna nýs heimilis og síðan flutningi íbúa úr Kjarnalundi og Bakkahlíð. Ákveðin lok urðu á því verkefni við opnun Lögmannshlíðar á afmælisdegi Hlíðar 29. ágúst og með lokun heimilanna tveggja.

Hins vegar var um að ræða verkefni vegna 50 ára afmælisárs Hlíðar og þátttaka í 150 ára afmæli Akureyrarkaupstaðar. Bæði afmælið og afmælisárið settu mikinn svip á starfsemina allt árið með uppákomum, fræðslu og skemmtilegheitum fyrir íbúa og gesti. Í tengslum við afmælin voru haldnar málstofur einu sinni í mánuði þar sem sérstaklega var höfðað til íbúa á Akureyri og þátttöku þeirra. Efni málstofanna var margvíslegt svo sem Eden hugmyndafræðin, hamingjan, sjálfræði aldraðra, konur og sagan, aldraðir og unglingar og fleira. Þá voru settar upp sýningar



Jónu Bertu Jónsdóttur og Hermanni Sigtryggssyni voru veittar sérstakar heiðursviðurkenningar í tilefni af 150 ára afmæli bæjarins.

sinna endurmenntunarþörfum starfsmanna sinna. Auk margra minni verkefna hafa fræðslusjóðirnir styrkt stór verkefni þar sem fræðsluþarfir eru greindar og fræðsluáætlun er útbúi.

og sölutorg, tónleikar, hestasýning, fornþilasýning, skottssala, þemadagar til skemmtunar, grill og söngur.

Í tengslum við afmælisárið og Eden hugmyndafræðina var um sumarið unnið að úrbótum á lóð Hlíðar. Aðgengi var bætt, útbúinn matjurtagarður og matjurtakassar, reist Hænsnahöll og gagnstéttar upphitaðar. Að þessu verki komu margir dyggir stuðningsaðilar með fjárstuðningi og ráðgjöf. Í lok ársins þótti Hænsnahöllin við Hlíð svo markvert framtak að ÖA voru veitt nýsköpunarverðlaun í opinberri þjónustu á Íslandi árið 2012.

Rekstur ÖA kostaði 1,7 milljarða króna á árinu 2012. Af þeirri upphæð fóru um 1,2 milljarðar króna (71 %) í laun og launatengd gjöld. Annar kostnaður var því um 500 milljónir en af þeirri fjárhæð greiddi ÖA um 222 milljónir í leigu af mannvirkjum og búnaði. Tekjur ÖA af daggjöldum frá Tryggingastofnun ríkisins ásamt greiðslum íbúa voru rúmlega 1,4 milljarðar króna. Tekjur frá TR vegna húsnæðisgjalds voru 36 milljónir króna. Þegar lítið er til tekna af starfsemi er hlutfall launakostnaðar um 85 %. Eins og undangengin ár var leitað allra leiða til sparnaðar í rekstri með miklu aðhaldi í yfirvinnu. Á ÖA voru í starfi alls 414 starfsmenn í 191 ársverki, 394 konur og 20 karlar.

Í árslok voru á ÖA 188 leyfð rými, 168 hjúkrunarrými og 20 dvalarheimilismýri. Af 168 hjúkrunarrýmum eru í árslok 16 rými til skammtímadvalar. Að auki eru 17 leyfi fyrir dagdeildarrýmum en 12 þeirra eru „sértæk rými“ og eitt er rekið fyrir Eyjafjarðarsveit.

Alls nýttu 442 einstaklingar hjúkrunar- og dvalarþjónustu öldrunarheimilanna og þar af nýttu 110 einstaklingar sér skammtímavistun. Að auki nýttu 60 einstaklingar dagþjónustuna og því veitti ÖA ríflega 600 einstaklingum þjónustu á árinu. Nýting rýma í hjúkrun var 100 %, um 92 % í dvalarrýmum og 100 % í dagþjónustu.

Andlát voru 70 og meðalaldur einstaklinga í hjúkrun var 85,6 ár og 84,3 ár í dvalarrýmum. Konur voru um 2/3 hlutar notendahópsins en karlar um 1/3.

Þróunarverkefni og fræðsla

Frá árinu 2008 hafa ÖA unnið eftir Eden-hugmyndafræðinni. Innleiðing hugmyndafræðinnar krefst reglubundinnar fræðslu til starfsmanna, íbúa og aðstandenda samhliða breytingum á húsakynnum og verklagi. Mánaðarlegir fundir voru á deildum og árlegt Eden-námskeið fyrir starfsmenn. Að þessu sinni var evrópsk Eden-ráðstefna haldin í Reykjavík og Bill Thomas frumkvöðull Eden-hugmyndafræðinnar kom til Akureyrar í tengslum við ráðstefnuna. Hann skoðaði heimilin í Hlíð og Lögmannahlíð og flutti einnig erindi um hugmyndafræðina fyrir íbúa, starfsfólk og aðstandendur. Eden-kynningarbæklingur Hlíðar var þýddur á ensku vegna fjölda erlendra gesta sem heimsækja heimilin árlega.

Í október var stofnað til notendaráðs Hlíðar. Markmið notendaráðs við öldrunarheimili Akureyrar (ÖA) er að stuðla að aukinni þátttöku og áhrifum íbúa og aðstandenda á starfsemi ÖA. Tilgangur notendaráðs er að fjalla um hagsmunamál íbúa og aðstandenda og vera samráðsvettvangur þeirra og stjórnenda við ÖA. Í því skyni er á fundum ráðsins miðlað upplýsingum um þróun þjónustunnar og stefnu á hverjum tíma. Notendaráð fundar að jafnaði mánaðarlega. Notendaráðið er eðlileg viðbót við aðstandendafélagið og er einnig hluti af því að efla þátttöku íbúa og virkni samkvæmt Eden hugmyndafræðinni.

Í samstarfi við starfsendurhæfingarsjóðinn Virk er unnið að þriggja ára verkefni um forvarnir og endurkomu starfsfólks til vinnu eftir veikindi eða slys. Markmiðið er að veita stjórnendum og starfsmönnum fræðslu og ráðgjöf við að móta og innleiða stefnu um velferð, fjarvistir og endurkomu til vinnu. Lögð er áhersla á jákvæða og heilsusamlega nálgun þar sem unnin er þarfagreining á vinnustaðnum og hún síðan útfærð í stefnu. Á vormánuðum 2012 var fræðsla um viðverustefnu og á haustmánuðum um heilsueflingu á vinnustað. Ný viðverustefna tók síðan gildi 1. janúar 2013.

Fjölbreytt fræðsla var á vegum ÖA á árinu undir merkjum „Markviss“ í samstarfi við Símei. Fræðsluáætlun sem byggð var á þarfagreiningu var keyrð bæði vor og haust og komu fyrirlesarar úr ýmsum áttum. Öll fræðslan var opin starfsfólki, íbúum og aðstandendum. Alls mættu 209 starfsmenn á 15 viðburði. Að auki sóttu um 50 íbúar og rúmlega 70 gestir fræðsludaga. Hluti af fræðslumálum ÖA er samstarf við framhaldsskólana og háskólana. Verkefnið felst í starfsþjálfun hjúkrunarnema og sjúkraliðanema.



Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands og Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar.

Einnig komu sjúkraliðanemar frá Finnlandi og voru fjórar vikur í starfsnámi.

Þrisvar á ári er gert RAI-mat (raunverulegur aðbúnaður íbúa). Í matinu koma fram gæðavísar sem stuðst er við þegar horft er til breytinga á heilsufari og aðbúnaði íbúa. Samanburðarathugun á RAI-mati fyrir árin 2009 til 2012 sýnir viðvarandi jákvæða þróun á sjö af tíu gæðavísam. Á árinu var unnið var að bættri hjúkrunarskráningu og gæðamálum með vinnu við gerð gæðahandbókar.

Eins og undanfarin ár var félagsstarfið fjölbreytt. Að venju var í boði ýmskonar handverk, upplestur, spurningahópar, leikfimi, spilavist, bingó, keila, söngstundir og skemmtanir tengdar árstíðum s.s. kvennahlaup, ferðalög og kráarkvöld. Árleg handverkssýning var 20.-21. maí og má ætla að um 400 manns hafi komið að skoða sýninguna. Starfsemi „Smiðjunnar“ óx og er þar regluleg starfsemi nokkurra einstaklinga sem vinna m.a. að framleiðslu á leikföngum, listmunum og nytjamunum.

Sjálfbodaliðar hafa á liðnum árum sett sterkan svip á starfsemi ÖA og eru nauðsynleg og ánægjuleg viðbót við aðra starfsemi. Góðir vinir ÖA hafa séð um tónlistarflutning á ýmsum skemmtunum s.s. kráarkvöldum, þorablóti og einstaka tónlistarskemmtunum. Einnig hafa fyrrum starfsmenn Hlíðar sem ganga undir heitinu „Vinir Hlíðar“ komið í heimsóknir og aðstoðað við vikulega viðburði á Kaffi Sól. Nemendur framhaldsskólanna komu eins og áður í heimsóknir, starfskynningar og önnur verkefni. Þá eru ótaldir heimsóknir „vinaskóla og vinabekja“ á grunnskóla og leikskólastigi.

Í lok árs var ráðinn nýr framkvæmdastjóri að ÖA.





FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í NEFNDUM OG STJÓRNUM 31. desember 2012

Bæjarstjóri

Eiríkur Björn Björgvinsson

Endurskoðendur

Deloitte hf.

Bæjarstjórn Akureyrar

Geir Kristinn Aðalsteinsson forseti bæjarstjórnar

Halla Björk Reynisdóttir

Oddur Helgi Halldórsson

Tryggvi Þór Gunnarsson

Hlín Bolladóttir

Inda Björk Gunnarsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ólafur Jónsson

Hermann Jón Tómasson til 16.08.2012

Logi Már Einarsson frá 16.08.2012

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Bæjarráð

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Oddur Helgi Halldórsson

Geir Kristinn Aðalsteinsson

Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Sigurður Guðmundsson

Guðmundur Baldvin Guðmundsson (áheyrnarfulltrúi)

Hermann Jón Tómasson (áheyrnarfulltrúi til 16.08.2012)

Logi Már Einarsson (áheyrnarfulltrúi frá 16.08.2012)

Ólafur Jónsson (áheyrnarfulltrúi)

FASTANEFNDIR

Félagsmálaráð

Inda Björk Gunnarsdóttir formaður

Dagur Dagsson

Sif Sigurðardóttir

Oktavía Jóhannesdóttir

Jóhann Ásmundsson til 02.08.2012

Valur Sæmundsson frá 02.08.2012

Guðlaug Kristinsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Valdís Anna Jónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Framkvæmdaráð - jafnframt stjórn Fasteigna Akureyrarbæjar

Oddur Helgi Halldórsson formaður

Sigríður María Hammer

Silja Dögg Baldursdóttir

Sigfús Arnar Karlsson

Njáll Trausti Friðbertsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Guðgeir Hallur Heimisson (áheyrnarfulltrúi)

Kristín Þóra Kjartansdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Íþróttaráð

Nói Björnsson formaður til 06.11.2012

Tryggvi Þór Gunnarsson formaður frá 06.11.2012

Helga Guðrún Eymundsdóttir

Þorvaldur Sigurðsson

Erlingur Kristjánsson

Árni Óðinsson

Jón Einar Jóhannsson (áheyrnarfulltrúi)

Anna Jenný Jóhannsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Örvar Sigurgeirsson (áheyrnarfulltrúi)

Kjörstjórn

Helga Eymundsdóttir formaður

Þorsteinn Hjaltason

Baldvin Valdemarsson

Samfélags- og mannréttindaráð

Hlín Bolladóttir formaður

Tryggvi Þór Gunnarsson

Heimir Haraldsson

Anna Hildur Guðmundsdóttir

Guðlaug Kristinsdóttir til 08.05.2012

Regína Helgadóttir frá 08.05.2012

María Hólmfríður Marinósdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Friðbjörg J. Sigurjónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Guðrún Þórsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Skipulagsnefnd

Helgi Snæbjarnarson formaður

Haraldur Sveinbjörn Helgason til 28.06.2012

Árni Páll Jóhannsson frá 28.06.2012

Eva Reykjalin

Sigurður Guðmundsson

Sóley Björk Stefánsdóttir til 02.08.2012

Edward H. Huijbens frá 02.08.2012

Tryggvi Már Ingvarsson (áheyrnarfulltrúi)

Svava Þórhildur Hjaltalín (áheyrnarfulltrúi)

Ragnar Sverrisson (áheyrnarfulltrúi)

Skólanefnd

Sigurveig Bergsteinsdóttir formaður til 07.02.2012

Preben Jón Pétursson formaður frá 07.02.2012

Sigríður María Hammer frá 07.02.2012

Anna Sjöfn Jónasdóttir

Helgi Vilberg

Logi Már Einarsson til 02.10.2012

Sædis Gunnarsdóttir frá 02.10.2012

Gerður Jónsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Hjörtur Narfason (áheyrnarfulltrúi)

Kristín Sigfúsdóttir (áheyrnarfulltrúi)

Stjórn Akureyrarstofu

Halla Björk Reynisdóttir formaður

Sigmundur Ófeigsson

Jón Hjaltason

Helena Karlsdóttir

Sóley Björk Stefánsdóttir til 07.02.2012

Hildur Friðriksdóttir frá 07.02.2012

Matthías Rögnvaldsson (áheyrnarfulltrúi)

Sigfús Arnar Karlsson (áheyrnarfulltrúi)

Unnsteinn Jónsson (áheyrnarfulltrúi)

Umhverfisnefnd

Hulda Stefánsdóttir formaður

Páll Steindórsson

Petrea Ósk Sigurðardóttir

Kristinn Frímann Árnason

Valdís Anna Jónsdóttir til 02.10.2012

Jón Ingi Cæsarsson frá 02.10.2012

Sif Sigurðardóttir (áheyrnarfulltrúi)

Ólafur Kjartansson (áheyrnarfulltrúi)

STARFSNEFNDIR

Fræðslunefnd

Inga Þöll Þórgnýsdóttir formaður

Friðný Sigurðardóttir

Gunnar Gíslason (námsleyfi 2012-2013)

Helga Hauksdóttir frá 04.10.2012

Katrín Björg Ríkarðsdóttir

Tómas Björn Hauksson

Kjarasamninganefnd

Halla Björk Reynisdóttir formaður
Hjalti Ómar Ágústsson
Hallgrímur Guðmundsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í SAMSTARFSNEFNDUM/VERKEFNUM

Almannavarnanefnd Eyjafjarðar

Bæjarstjóri
Bæjartæknifræðingur
Slökkviliðsstjóri

Atvinnuþróunarfélag Eyjafjarðar bs

Geir Kristinn Aðalsteinsson til 06.11.2012
Oddur Helgi Halldórsson frá 06.11.2012
Linda María Ásgeirsdóttir til 18.12.2012
Sveinn Arnarsson frá 18.12.2012

Barnaverndarnefnd Eyjafjarðar

Baldur Dýrfjörð formaður
Álfheiður Svana Kristjánsdóttir
Jóhann Gunnar Sigmarsson
Dýrleif Skjöldal

Félagsstofnun stúdenta við Háskólann á Akureyri

Halla Margrét Tryggvadóttir

Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands

Oddur Helgi Halldórsson

Fulltrúaráð Málræktarsjóðs

Hólmkell Hreinsson

Hafnasamlag Norðurlands

Víðir Benediktsson formaður
Sigríður María Hammer
Nói Björnsson
Bjarni Sigurðsson
Jóhannes Gunnar Bjarnason

Heilbrigðisnefnd Norðurlands eystra

Þórdís Rósa Sigurðardóttir
Sigurjón Jóhannesson

Hljómsveitarráð Sinfóníuhljómsveitar Norðurlands

Gunnar Frímannsson
Júlíus Júlíusson
Elín Margrét Lýðsdóttir

Samstarfsnefnd um ferlimál fatlaðra

Bergur Þorri Benjamínsson

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi eystra

Geir Kristinn Aðalsteinsson
Halla Björk Reynisdóttir
Hlín Bolladóttir
Tryggvi Þór Gunnarsson
Sigurður Guðmundsson
Guðmundur Baldvin Guðmundsson
Ólafur Jónsson
Hermann Jón Tómasson til 04.09.2012
Logi Már Einarsson frá 04.09.2012
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir

Stjórn Eypings

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður

Stjórn Lífeyrissjóðs starfsmanna Akureyrarbæjar

Eiríkur Björn Björgvinsson
Oddur Helgi Halldórsson
Hermann Jón Tómasson til 04.09.2012
Ólafur Jónsson frá 04.09.2012

Stjórn Minjasafnsins á Akureyri

Hlín Bolladóttir formaður
Bergvin Oddsson
Sigurbjörg Árnadóttir

Iðnaðarsafnið á Akureyri

Ágúst Hilmarsson til 08.11.2012
Haraldur Þór Egilsson frá 08.11.2012
Andrea Sigrún Hjálmsdóttir til 08.11.2012
Hulda Sif Hermannsdóttir frá 08.11.2012

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga

Eiríkur Björn Björgvinsson

Veiðifélag Eyjafjarðarár

Hermann Brynjarsson

Vetrariþróttamiðstöð Íslands

Þórarinn B. Jónsson formaður
Gerður Jónsdóttir

Menningarfélagið Hof

Hildur Eir Bolladóttir

Fjölsmiðjan

Hlín Bolladóttir

Simenntunarmiðstöð Eyjafjarðar

Ingunn Helga Bjarnadóttir

Norræna upplýsingaskrifstofan

Hólmkell Hreinsson

FULLTRÚAR AKUREYRARBÆJAR Í STJÓRNUM FYRIRTÆKJA

Flokkun ehf

Hulda Stefánsdóttir
Margrét Auður Sigurbjörnsdóttir
Kristín Halldórsdóttir

Fóðurverksmiðjan Laxá hf

Dan Jens Brynjarsson

Norðurorka ehf

Geir Kristinn Aðalsteinsson formaður
Halla Björk Reynisdóttir
Edward Hákon Huijbens
Ásdís Elva Rögnvaldsdóttir
Njáll Trausti Friðbertsson

Tækifæri hf

Dan Jens Brynjarsson





Akureyrarbær
Geislagötu 9
600 Akureyri
Sími 460 1000
Fax 460 1001
www.akureyri.is | www.visitakureyri.is